

LÖGREGLUMÆÐURINN

- Lífaldur lögreglumanna
- Hlutastarf í veikindum
- Afleysingamenn, viðhorf



2/2005

22, Laugavegi 22	Hamborgarabúlla Tómasar ehf., Geirsgötu 1	Reki hf., Fiskislóð 57-59	Barkasuða Guðmundar ehf., Vesturvör 27
Aðföng, Skútuvogi 7	Happahúsið, Kringlunni 4-12	Ríkið myndbandaleiga og söluturn,	Bifreiðastillingin ehf., Smiðjuvegi 40d, rauð
Altex ehf. (Margaretha), Kringlunni 7	Harley Davidson Íslandi ehf., Grensásvegi 16	Snorrabraut 56	Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar,
AM PRAXIS sf, Sígtúni 42, box 5189	Hereford steikhús, Laugavegi 53b	Ríkislögreglustjórinn, Skúlagötu 21	Smiðjuvegi 40, rauð
Arí í Ögri , Ingólfsstræti 3	Héraðsdómur Reykjavíkur,	Rossopodoro, Laugavegi 40a	Bifreiðaverkstæðið Lada-þjónustan,
Austursel ehf., Höfðabakka 9	Dómshúsinu v/ Lækjartorg	Rúmmeter ehf, Suðurlandsbraut 4a	Auðbrekku 4
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2	Hitastýring hf., Þverholti 15a	S.Í.B.S., Síðumúla 6	Bifreiðaverkstæðið Toppur,
B.M. Vallá hf., Bildshöfða 7	Hljóðfæraverslun Pálmars Árna, Ármúla 38	Securitas hf., Síðumúla 23	Skemmuvegi 34, bleik gata
Bakarameisterinn hf., Stigahlíð 45-47	Hlíðlabátar - Ingólfstorgi, Ingólfstorgi 1	Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1	Bíla áttan, Smiðjuvegi 30, gul gata
Barónspöbb ehf., Laugavegi 72	Hrafnista D.A.S., Laugarási	Sesarvídeó, Grensásvegi 14	Bilaverkstæði Bubba sf., Skemmuvegi 18, blá
Beyki ehf., Tangarhöfða 11	Húsaklæðning ehf., Kaplaskjólsvégi 93	Sjávargallerí ehf, Háaleitisbraut 58-60	Bilaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.,
Bifreiðabyggingar sf., Ármúla 34	Hverfisbarinn, Hverfisgötu 20	Sjólagnir ehf., Stórhöfða 27	Smiðjuvegi 48, rauð
Bifreiðastjórastofn Frami, Fellsmúla 24-26	Hýsing, vöruhótel, Skútuvogi 9	Skólabrú, Skólabrú 1	Bilaverkstæðið Skúffan ehf,
Bílaaleigan AKA ehf., Vagnhöfða 25	IB/Nýja Bílahöllin ehf, Eirhöfða 11	Skýrr hf., Ármúla 2	Smiðjuvegi 11, græn
Bílamálun Pálmars ehf, Vagnhöfða 20	Innheimtustofan Höfðabakka 9,	Slippfélagið Litaland ehf., Egilsgötu 3	Biljófur ehf., Smiðjuvegi 34
Bílamálun Sveins Sævars, Tangarhöfða 6	Höfðabakka 9 - 6.hæð	Smith & Norland hf., Nóatúni 4	Bilstál ehf, Askalind 3
Bílasmiðurinn hf., Bildshöfða 16	Innheimtustofnun sveitarfélaga,	Smur-, bón- og dekkþjónustan sf., Sætúni 4	Bilvogur ehf., Auðbrekku 17
Bílfang ehf, Malarhöfða 2	Lágmúla 9, 2.hæð	Spark ehf, Brautarholti 8	Bjartur, vinnuföt, Smiðjuvegi 6
Björn og Ísak ehf., Vogalandi 2	Inter ehf, Sóltúni 20	Sportvörugæðin hf., Skipholti 5	Blikkás - Funi ehf., Skemmuvegi 36, bleik
Björnsbakari sf., Klapparstíg 3 v/Skúlagötu	Internet á Íslandi hf. - ISNIC, Dunhaga 5	Steingrímur Þormóðsson - Lögm. Árbæ,	Blikksmiðja Einarar ehf., Smiðjuvegi 4b, græn
Blái Turninn, Háaleitisbraut 66	Ísbúðin Álfheimum ehf, Fákafeni 9	Nethyl 2	Borgarvirki ehf., Hjallabrekku 22
Blue Cargo, Héðinsgötu 1-3	Jón Egilsson lögmansstofa, Knarrarvogi 4	Stilling hf., Kletthálsi 5	Brimgjái ehf., Vallartröð 5
Borgarnesti ehf, Grjóthálsi 8	JP Lögmenn ehf., Lágmúla 5	Suzuki bílar hf., Skeifunni 17	Byggðavik ehf., Lækjasmára 17
Brynjólfur Eyvindsson hdl, Kringlunni 7,	Kaffi Sólon, Bankastræti 7a	Svarta kaffið - Kaffibaunin ehf., Laugavegi 54	Café Borg, Kaffibar, Hamraborg 10
Carpe diem, Rauðarárstíg 18	Kemis ehf., Breiðhöfða 15, box 9351	Sælkerabúðin ehf., Suðurlandsbraut 6	Egill Vilhjálmsson ehf., Bröttutungu 9
Cyrus ehf., Grandavegi 45	Kjörgarður, Laugarvegi 59	Söluturninn Aðalhornið, Barónstíg 27	Elnet tækni ehf., Auðbrekku 16
DAC ehf., Skeifunni 11d	Knattborðsstofan Klöpp, Faxafeni 12	Tollstjórinn í Reykjavík,	G.T. Óskarsson ehf., Vesturvör 23
Dagskrá vikunnar, Skúlagötu 32-34	Knattspyrnusamband Íslands, Laugardal	Tryggvagötu 19, box 5029	Hagblikk ehf., Smiðjuvegi 4c, box 281
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Arnarhovoll	Körfuberg ehf., Holtaseli 20	Trausti ehf., Hverfisgötu 103, box 4211	Húseign, fasteignamiðlun, Hlíðasmára 15
Dreifing ehf., Vatnagörðum 8	Lagastoð ehf., Lágmúla 7	Uppdæling ehf., Fosshálsi 1	Innivör -Valdberg ehf., Smiðjuvegi 36
Dynjandi ehf., Skeifunni 3h	Lagaþing sf Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl.,	Utanríkisráðuneytið, Rauðarárstíg 25	Íslandsspil sf., Smiðjuvegi 11a
E.T. Einar og Tryggvi ehf., Klettagörðum 11	Túngötu 14	Vaka hf., Eldshöfða 6	Íslenska þökkunarfélagið ehf, Bakkabraut 2
Efnalaugin Glitra hf., Rauðarárstíg 33	Landssamband íslenskra verzlunarmanna,	Varahlutaverslunin Kistufell ehf., Brautarholti 16	Jarðkraftur ehf., Akralind 2
Efnalaugin Úðafoffs sf., Vitastíg 13	Kringlunni 7	Veidarfærásalan Dímon ehf., Austurbugt 5	Jarðvélur ehf, Bakkabraut 14
Egilshöll, Fossaleyni 1	Langholtskjör, Langholtsvegi 176	Veidihúsið Sakka ehf., Hólmaslóð 4	Járnsmiðjan, Dalvegi 24
Esso á Íslandi, Guðriðarstíg 6-8	Listasafnið Hótel Holt ehf., Bergstaðastræti 37	Veitingahúsið Hornið, Hafnarstræti 15	Júmbó ehf., Kársnesbraut 112
Fasteignafélagið Stoðir hf., Kringlunni 8-12	Lækjarbrekka, Bankastræti 2	Verðbréfastofan hf., Suðurlandsbraut 18	KB ráðgjöf, Hlíðasmára 17
Faxaflóahafnir, Tryggvagötu 17	Lögmansskrifstofan Fortis ehf, Laugavegi 7	Vesturrösti ehf., Laugavegi 178	Knastás hf., Skemmuvegi 4 blá gata
Feró sf., Steinaseli 6	Lögmál ehf., Skólavörðustíg 12	Vélaleiga A.A. ehf., Smárima 37	Kópavogsnesti , Nýbýlavegi 10
Ferskar kjötvörur hf., Síðumúla 34	Lögreglustjórinn í Reykjavík, Hverfisgötu 113	Vélar og verkfæri ehf., Skútuvogi 1c	Kríunes ehf., Kríunesi v/Vatnsenda
Félagsbústaðir hf., Hallveigastíg 1	Lögskil ehf., Suðurlandsbraut 48	Vélasalan ehf., Ánaustum 1	Krókur, Skeljabrekku 4
Flytjandi , Klettagörðum 15	Markaðsnefnd Mjólkuriðnaðarins, Bitruhálsi 2	Vélaver hf., Lágmúla 7	Kynnisferðir - Flugrútan, Vesturvör 6
Fraktlausnir ehf., Skútuvogi 12e	Mjólkursamsalan, Bitruhálsi 1	Vélsmiðjan Járnverk hf., Bildshöfða 18	Panelofnar ehf., Smiðjuvegi 1
Framsóknarflokkurinn, Hverfisgötu 33	Morgunblaðið Árvakur hf., Kringlunni 1	Vélvík ehf., Höfðabakka 1	Partasalan, Skemmuvegi 32 bleik gata
Fönix ehf, Hátúni 6a	Múr- og málningarpjónustan Höfn ehf.,	Vitabar, Langagerði 116	Rafvirki ehf., Fjallalind 137
G.G. Gunnar Guðmundsson hf., Dugguvogi 2	Réttarhálsi 2	Þrír frakkar - Hjá Úlfari, Baldursgötu 14	Reykofninn hf., Skemmuvegi 14 bleik
G.S.K. ehf., Laugavegi 46a, box 1737	Nesráðió ehf., Síðumúla 19	Auðunn og Hafsteinn ehf., Sævangörðum 4	Reynir bakari ehf., Dalvegi 4
Gagnaeyðing ehf., Skútuvogi 13	Nítró ehf, Járnhálsi 2	Bæjarins bezta ehf, Bollagörðum 11	Réttingaverkstæði Jóa ehf., Dalvegi 16a
Galleri Fold, Rauðarárstíg 14	NTC hf., Laugavegi 91	Nesdekk ehf., Suðurströnd 4	Réttir bílar ehf, Kársnesbraut 98
Gamlhús ehf., Höfðabakka 9	Nýi öskulólinn ehf., Klettagörðum 11	Rauða Ljónið, Eiðstorgi 13-15	S.M. verktakar sf., Skemmuvegi 12
Gerpir ehf., Laugavegi 22	Næsti bar, Ingólfsstræti 1a	Eggjabúið Nesbú, Vatnsleysuströnd	Sérverk ehf., Akralind 6
Gjögur ehf., Kringlunni 7	Offsetfjölritun ehf., Mjólnisholti 14	Steinhreinsun ehf., Aragerði 8	Smári söluturn, Dalvegi 16c
Glóbus hf., Skútuvogi 1f	Oliudreifing ehf., v/Kleppsmýrarvegi	Toggi ehf., Akurgerði 12	Smurstöðin Stórahjalla ehf., Stórahjalla 2
Góðar - lausnir hf., Síðumúla 35	Pizza 67, Tryggvagötu 26	V.P. Vélaverkstæðið ehf., lðndal 6	Sýslumaðurinn í Kópavogi, Dalvegi 18
Grant Thornton endurskoðun,	Plúsmarkaðurinn Hátúni 10b ehf., Hátúni 10b	AFA JCDecaux Ísland, Vesturvör 30b	Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf.,
Suðurlandsbraut 20	Poulsen ehf., Skeifan 2	Arnardalur sf., Þinghólsbraut 58	Hamraborg 11
Guðmundur Jónasson ehf., Borgartúni 34	Prikið, Bankastræti 12	Arnarverk ehf, Kórsölum 5	Vélaleiga Auberts, Hlíðarhjalli 7
Gunnar Eggertsson hf.,	Profilstál, Smiðshöfða 15	Axis húsgögn hf., Smiðjuvegi 9d	Þvegillinn, Fífuhjalla 3
Sundagörðum 6, box 4242	Pústþjónustan Ás ehf, Nóatúni 2	ÁF-hús ehf., Hæðarsmára 6	Þyrlupjónustan ehf., Hlíðarvegi 3
Gústaf Þór Tryggvason hrl.,	Rafmiðlun ehf., Dugguvogi 2	Átak ehf.- bílaaleiga, Smiðjuvegi 1	Stimpill, Akralind 9
Þjarnargötu 10d, Box 1067	Raförninn ehf., Suðurhlíð 35	Baader Ísland ehf., Hafnarbraut 25	Sýslumaðurinn í Kópavogi, Dalvegi 18
Hafróss ehf., Vaðlaseli 4	Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði,	Bakaríð Kökuhornið, Bæjarlind 1 - 3	Tölvumyndir hf., Holtasmára 1
Hafrótt ehf, Ármúla 5	Hofsvallagötu 53	Baltik ehf., Smiðjuvegi 14	Tölvuvirki ehf., Hlíðasmára 13

Efnisyfirlit

Formannshornið

Sveinn I. Magnússon 4

Viðtalið

Ragnar Jónsson 5

Tallahasse

Jóhannes Sturla

Guðjónsson 6

Lífaldur lögreglumanna

og starfsumhverfi

Páll E. Winkel 8

Rán á Íslandi

Auðbjörg Björnsdóttir 11

Ridealong í Daytona Beach

Eiríkur, Kjartan,

Húnbogi, Hörður 14

Topscop

Sigríður B. Guðjónsdóttir 15

Kárahjúkar, ljósmyndir

Sumarferð

lífeyrisþegadeildar LL

Stefanía Vigfúsdóttir 20

Hlutastarf í veikindum

Svavar G. Svavarsson 22

Hugleiðing, Formannamál,

kjarasamningar, menntun

Eiríkur Hreinn Helgason 24

Viðhorf yfirmanna á Ísafirði

Sigríður Björk og

Önundur 27

Íþrótttaefni

Ímynd lögreglu

Páll E. Winkel 34

Akstur torfærutækja,

löglegur eða ólöglegur

Ástríður Grímsdóttir 35

Formannafundur /

Kjararáðstefna 35

Launatafla

Dagpeningar og

akstursgjald 39

LÖGREGLUMAÐURINN

RIT UM STÉTTAR- OG STARFSMÁLEFNI LÖGREGLUMANNA

Leiðarinn

Í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur í fjölmiðlum landsins að undanförmum varðandi Baugsmálið svonefnda hef ég velt fyrir mér breyttu vinnuumhverfi okkar lögreglumanna á Íslandi í dag. Lögreglan er í auknu mæli knúin til andsvara vegna gagnrýni fjölmiðla, sakborninga, lögmanna og síðast en ekki síst fulltrúa löggjafavaldsins.

Að mínu mati var tóninn fyrst gefinn í tengslum við hið svokallaða líkfundarmál á Neskaupsstað í ársbyrjun 2004. Vart var vinnufriður fyrir ágangi fjölmiðlamanna, vandaðra og hinna líka. Flestir sem að þeirri rannsókn komu fengu að heyra að fólkið í landinu ætti rétt á að fá að vita út á hvað rannsókn lögreglu gengi og hvernig rannsóknin miðaði. Það sem lögreglan gat ekki upplýst í upphafi, eðli máls samkvæmt, birtist engu að síður fréttir af málinu og þá stundum farið rangt með staðreyndir. Þegar rannsókninni virtist stefnt í voða var loks boðað til blaðamannafundar og eftir þann fund urðu flestir fjölmiðlamenn umburðarlyndari gagnvart rannsókninni og menn fengu loks vinnufrið.

Sú umræða og sú gagnrýni sem nú dynur yfir lögregluna varðandi Baugsrannsóknina er að mínu mati hálfu verri en sú sem ég upplifði fyrir meira en ári síðan. Ekki veit ég hvort það stafar að því að nú er um annars konar brot að ræða, sakborningar úr efri þrepum samfélagsins og eigendur flestra þeirra fjölmiðla sem um málið hafa fjallað, en fjölmiðlafyrirtæki keyptu sakborningar þegar um ár var liðið af rannsókninni. Einhvers konar áróðursstríð og leit að „öðrum“ sakborningum fer fram á forsíðum blaða og fyllir hvern spjallþáttinn af fætur öðrum. Kannski er það liðin tíð að menn sækist eftir sýknu fyrir dómstólum.

Gagnrýni sem er rökstudd telst bæði vera sanngjörn og réttmæt. Það vakti því furði grein-arhöfundar þegar fulltrúar löggjafavaldsins hafa stigið fram á sjónarsviðið af dómhörku og gagnrýni á vinnuáferðir og embættisstörf yfirmanna jafnt sem undirmanna við embætti Ríkislögreglustjórans. Vegið hefur verið að starfsheiðri lögreglumanna, krafist afsagna þeirra hæst settu og kvatt hefur verið nýjan tón í umræðu um lögreglurannsóknir. Fara nú rannsóknir fram í pólitísku andrúmslofti! Huglæg gagnrýni fulltrúa löggjafavaldsins er verulegt áhyggjuefni og kemur þá tvennt til. Gagnrýnin kemur frá þeim sem setja okkur leikreglurnar og hitt að hún kemur fram þegar enn er óráðið með framhald málsins, hvort það verði tekið til efnislegrar meðferðar eður ei. Það er miður að verða vitni að því þegar háttvirtir fulltrúar löggjafavaldsins misstíga sig svona hraparlega. Hætt er við að maður missi tiltrú á þá sem stjórn-málamenn. Í raun er það alvarlegt þegar embættismenn eru ásakaðir opinberlega um afglöp í starfi og dómstólar ekki búnir að segja sitt. Verður maður ekki að gæta orða sinna og haga þeim í samræmi við þá stöðu sem maður gegnir hverju sinni eða er ekki sama hver á í hlut?

Breyttir tímar, breytt vinnuumhverfi og breytt andrúmsloft ríkir á Íslandi í dag. Við lögreglumenn hljótum að endurskoða vinnuáferðir okkar við rannsóknir stærri mála. Kannski stundin sé runnin upp að ráða til okkar fjölmiðlafulltrúa sem tengilið og talsmann. Hugmyndin er ekki ný af nálinni, kannski verið spurning um útfærslu og hvenær víðeigandi o.þ.h. Starfsfélagar okkar á Englandi eru framalega hvað fjölmiðlasamskipti varðar og gætum við horft til þeirra hvað þau mál varðar. Eitthvað verðum við að gera. Það er ólíkandi að þurfa að leggja í skotgrafimar gagnvart fjölmiðlum, fulltrúum löggjafans og nánast hverjum sem er, þegar upp kemur mál sem kallar á umfangsmikla rannsókn. Við eigum að getað einbeitt okkur að rannsóknum, við eigum að fá vinnufrið og hafa til þess tiltrú almennings, sama hvað andrúmsloftinu líður hverju sinni.

Ragnar Jónsson,
rannsóknarlögreglumaður

Forsíðan: Lögreglumaður að fjarlægja mótælaborða við Kárahjúkastíflu.

Ljósmynd: Arnþór Davíðsson

Prentvinnsla: Íslandsprent

Útgefandi: Landssamband lögreglumanna.
Umsjón: Guðmundur Fylkisson (g.fylkis.fml@ris.is)
Ábyrgðarmaður: Óskar Bjartmarz
Ritnefnd: Erna Sigfúsdóttir, Jón Svanberg Hjartarson, Þórhallur Árnason, Stefania Vigfúsdóttir, Guðmundur Fylkisson.
Netfang: ll@bsrb.is
Próförk: Atli Steinn Guðmundsson

Sveinn I. Magnússon

Formannshornið

Ofbeldi og hótanir gegn lögreglu er vaxandi vandamál. Í viðhorfskönnun sem gerð var meðal lögreglumanna á síðasta ári kom fram að 64 % lögreglumanna hafa orðið fyrir ofbeldi eða hótunum sem þeir hafa tekið alvarlega. Er þar bæði átt við hótanir í starfi og utan vinnutíma. Yfir helmingur lögreglumanna eða 54% hafa orðið fyrir líkamsmeiðingum í starfi sínu. Af þeim lögreglumönnum er höfðu orðið fyrir árás eða hótunum munu 37% hafa kært tilvikin.

Það eru fjölmörg atriði er varða vinnuumhverfi lögreglumanna sem LL hefur áhyggjur af. Ein af þeim eru refsingar fyrir árásir á lögreglumenn sem eru afar vægar m.t.t. refsiramma hegningarlaga og dómafrankvæmd.

LL telur að þetta sé með öllu óþolandi ástand og afar brýnt að þessu verði breytt. Er það ekki síst vegna þess að það er mat LL að með þungum refsingum fyrir árásir á lögreglumenn verði rétt skilaboð send út í þjóðfélagið, þ.e. að það sé ekki liðið að ráðist sé gegn handhöfum framkvæmdarvalds. Erum við þess fullvissir að með þyngri refsingum muni draga úr ofbeldi gagnvart lögreglumönnum. Í ofanefndri könnun kom fram að 46 % þeirra lögreglumanna er kært höfðu brotin voru mjög eða frekar ósáttir við hvernig tekið var á málinu.

Lengi vel var framkvæmdin sú að ef lögreglumenn urðu fyrir árás í starfi þurftu þeir sjálfur að leggja fram formlega kærur eins og almennur borgari. Lögreglumönnum hefur þótt það óeðlilegur framgangur máls að þeir þurfi sjálfir að beita sér fyrir því að rannsókn hefjist og gefin sé út ákæra í slíkum tilvikum. Í almennum hegningarlögum eru ákvæði um brot gegn valdstjórninni þar sem gert er ráð fyrir að lögregla þurfi ekki og eigi ekki að búa við slíkt ástand heldur verði ákært fyrir slíkan verknað án tillits til afstöðu viðkomandi lögreglumanns. Þá verður eina aðkoma lögreglumanns að setja fram hugsanlega bótakröfu og bera vitni í málinu. LL hefur beitt sér fyrir því að koma þessu í þennan rétta og löglega farveg.

Annað vandamál er tengist vinnuumhverfi lögreglumanna eru kærur á hendur

lögreglumönnum í starfi. Á síðustu árum hefur það fæst í vöxt að borgarar sem verða fyrir afskiptum lögreglu kærir viðkomandi lögreglumenn. Í langflestum þeirra mála er niðurstaða rannsóknaðar sú að ekki þykir ástæða til útgáfu ákæru þar sem ekkert brot hafi verið framið. Þrátt fyrir að ekki sé hægt að koma í veg fyrir slíkar kærur höfum við af því áhyggjur, hve margir lögreglumenn mega búa við það að fá á sig kærur og þar með réttarstöðu grunaðs manns. Getur það valdið hugarangri þeirra lögreglumanna er í hlut eiga hverju sinni. Í þeim tilvikum þar sem enginn fótur er fyrir kærur á hendur lögreglumönnum hefur LL velt fyrir sér hvort réttast væri að aðstoða lögreglumenn við að koma að kærur á hendur þeim aðilum fyrir rangar sakargiftir, en við teljum ljóst að með því muni draga úr slíkum ósönnum kærurum.

Þá hefur þeim tilvikum fjölgað þar sem lögregluembætti hafa sjálfstætt ákveðið að kærur lögreglumenn vegna gruns um brot í starfi, án þess að utanaðkomandi kærur hafi borist. Ekki eru til skýrar verklagsreglur um hvernig staðið skuli að slíku og oft hefjast slík mál sem starfsmannamál en þróast út í rannsókn á refsilaga broti þar sem viðkomandi lögregluæðingur hefur jafnvel ekki notið réttarstöðu sakbornings í upphafi máls. LL hefur verið í samskiptum við ríkissaksóknara, dómsmálaráðuneytið og yfirmenn lögregluembætti til þess að reyna að koma þessu í fastan farveg þannig að málsmeðferð í slíkum málum sé öllum ljós, í samræmi við lög og réttarfarslegir hagsmunir lögreglumanna verði ekki fyrir borð bornir.

Forystumenn allra landssambanda lögreglumanna á Norðurlöndum hittust í Stokkholmi 15. september s.l. til að ræða hótanir og ofbeldi gegn lögreglumönnum. Þar sem þróunin hefur verið mjög neikvæð að þessu leyti hvað félagsmenn okkar snertir var samþykkt eftirfarandi ályktun sem send var ríkislögreglustjórum og dómsmálaráðherra þjóðanna:

Hótanir og ofbeldi gegn lögreglumönnum er ógn við allt samfélagið

„Þær hótanir og grófa ofbeldi gegn lögreglumönnum, sem við höfum orðið vitni að í öllum norrænu ríkjum að undanförunu,



mega aldrei líðast í nútímalegu, opnu réttaríki. Þetta snertir ekki aðeins einstaka lögreglumenn heldur þjóðfélagið allt. Þess vegna verðum við að láta baráttuna gegn þeim, sem draga úr getu réttarríkisins til berjast gegn glæpum, fá forgang og skapa verður fjárhagsleg skilyrði fyrir því að sú barátta beri árangur.

Við teljum tímabært að við eigum eins fljótt og kostur er fund með ríkislögreglustjórum landa okkar til að leita lausna. Til að draga úr glæpum og auka öryggi samborgara okkar er mikilvægt

- að áfram verði hægt að fá lögreglu menn til starfa á erfiðum vinnusvæðum
- að áfram verði hægt að berjast gegn grófri glæpastarfsemi
- að láta ekki glæpamenn stjórna samfélagsþróuninni
- að verja hið lýðræðislega, opna samfélag áfram

Lögreglan verður að vera sýnileg á hverjum stað. Lögreglan verður að vera til staðar á vafasömum stöðum til að halda trúverðuleika sínum og til að sýna að henni sé alvara í því að berjast gegn glæpum. Forsendan er að við getum ráðið við hótanir og ofbeldi sem á sinn þátt í því að lögreglumenn skipta um starfsvettvang með tímanum.

Lögreglan er útvörður öryggis samfélagsins. Hótanir og ofbeldi gegn lögreglumönnum er árás á allt samfélagið.“

*Með kveðju,
Sveinn I. Magnússon,
formaður*

Nafn:

Ragnar Jónsson

Staða: Rannsóknarlögreglumaður við Tæknideild LR

Lögregluembætti: Reykjavík

Lögreglumaður síðan: maí 1991 (samfelt) en byrjaði í afleysingum vorið 1990.

Dagur í vinnunni: Vinnudagurinn á að vera frá 08:00 til 16:00 eins og hjá flestum rannsóknardeildum LR en ég er búinn að læra það á 4 árum í Tæknideildinni að það er ekkert sjálfgefið. Vinnuálagið er mikið og eykst með hverju árinu. Það er viss áskorun sem og þau verkefni sem deildinni er falið að vinna hverju sinni. Þetta er fjölbreytt starfssvið og krefjandi sem mér finnst vera viss forréttindi. Deildin starfar á landsvísu sem óneitanlega stækkar vinnustaðinn nokkuð og maður fær tækifæri til að kynna félögum á landsbyggðinni og heimsækja ólíklegustu staði við hvaða aðstæður sem er! Spannandi.

Framtíðarsýnin: Ég sé fyr-

ir mér stóra og öfluga tæknideild sem stendur jafnfætis tæknideildum nágrannaþjóða okkar, hvað varðar aðbúnað, menntunarstig og færni til að afgreiða þau mál sem inn á borð kunna að koma.

Hlynntur eða andvígur sameiningu lögregluembætta á þínu svæði: Mjög hlynntur. Allar stofnanir/embætti þurfa að ganga í gegnum naflaskoðun. Þjóðfélagið tekur sífelldum breytingum og lögreglan þarf að vera í stakk búin að mæta þeim.



Tæknideildarmenn þurfa líka að matast.

Kjarasamningarnir: Sáttur enda nægjusamur.

Einkennisbúningurinn: Spenntur fyrir hugmyndum fatanefndarinnar og vona að þær fái framgang.

Annað: Fá lögregluembættin ekki einhverjar krónur fyrir söluna á símanum?

Fréttir af skrifstofu LL

Samningur við ríkislögrelustjóra

Hinn 19. júlí sl. undirrituðu formaður og framkvæmdastjóri LL samning við ríkislögrelustjóra um launakjör, aðbúnað og vinnutíma lögreglumanna vegna starfa við Kárahnjúka og annars staðar á Austurlandi. Samningurinn felur í sér góða þöknun til handa lögreglumönnum er sendir verða á virkjanasvæði á Austurlandi sem hluti af skipulögðum viðbúnaði vegna mannfjöldastjórnunar. Þeir sem áhuga hafa á að kynna sér efni samningsins er bent á að hafa samband við skrifstofu LL.

Ný merki Líknar- og hjálparsjóðs

Gefin hafa verið út tvö ný merki Líknar- og hjálparsjóðs Landssambands lögreglumanna. Hægt er að kaupa merkin á skrifstofu LL. Verð merkis er 500 kr. Hvetjum við lögreglumenn til að kaupa merkin og styrkja þannig mikilvægt starf sjóðsins.

Nýr formaður

Sveinn Ingiberg Magnússon tók hinn 1. ágúst við formennsku hjá Landssambandi lögreglumanna. Á sama tíma lét Óskar Bjartmarz af embætti en mun áfram eiga sæti í framkvæmdastjórn sambandsins. Óskar hefur tekið við embætti yfirlögregluþjóns við embætti sýslumannsins á Seyðisfirði. Um leið og honum eru þökkuð vel unnin störf sem formaður LL er honum óskað farsældar á nýjum starfsvettvangi.

Jóhannes Sturla Guðjónsson

Tallahassee

Hlýleg minningargrein í síðasta hefti Lögreglumannsins, er Geir Jón Þórisson skrifaði um Ron Steverson, skólameistara í Tallahassee, varð mér tilefni til nokkurra hugleiðinga.

Það eru nú rúm tuttugu ár frá því er ég hafði fengið áhuga á því að ganga í lögregluna hér heima og taldi mig standa betur að vígi ef ég aflaði mér nokkurrar menntunar áður. Ég hóf að kynna mér lögregluskóla víða um Bandaríkin og staðnæmdist loks við skólann í Tallahassee, höfuðborg Florida. Sá skóli hét þá „The Lively Academy of Law Enforcement“. Nafnið virtist vera út í hött en reyndist vera tilkomið vegna þess að landspildan sem skólinn stóð á hafði verið gefin skólanum af manni sem hét Mr. Lively. Síðan hefur nafni skólans verið breytt og nú heitir hann „Pat Thomas Law Enforcement Academy“.

Skólinn er staðsettur rétt utan við Tallahassee, byggingarnar hýsa hina hefðbundnu skólastarfssemi svo sem kennslustofur, skrifstofur o.þ.h. Hins vegar er þar ekki heimavist og við nemendurnir leigðum úti í bæ. Á landinu umhverfis skólabyggingarnar voru skotæfingasvæði, svæði til ökkunnslu, köfunar og ýmissar líkamsþjálfunar. Þar var líka hægt að sviðsetja slys og alls kyns atvik.

Nemendur voru um 30 og allir, nema ég, frá Florida og allir starfandi lögreglumenn. Ég var eini útlendingurinn þarna og ef til vill hefur það hjálpað mér til að komast inn í skólann.

Skólastjóri var Ron Steverson, sem þá þegar var margreyndur lögreglumaður en hafði verið hætt kominn við skyldustörf, svo sem



Jóhannes Sturla að taka við prófskírteini.

segir frá í minningargrein Geirs Jóns. Ron Steverson var allt í öllu í skólanum og það má með sanni segja að hann hafi verið og orðið á sínum tíma kennari minn, vinur og lærifaðir. Hann átti engan sinn líka, en hann hafði sinnt flestum störfum innan lögreglunnar, yfirheyrslum og morðrannsóknum, víkingasveit, verið með hunda við leit og störf, almenn störf lögreglumanns, mótörhjóla/umferðarmálum, köfun fyrir lögregluna og síðan skólastjóri Lögregluskólans.

Kennt var alla daga. Náms efni var eins og í hefðbundnum lögregluskólum, almenn lögreglufræði, afbrotafræði, lög ríkisins (Florida) og landsins (USA), fingrafarafræði, vettvangsathugun o.þ.h. Tímar byrjuðu venjulega kl. 8 á morgnana og var haldið áfram til kl. 16 eða 18 að kvöldi. Talsvert var um heimalestur og undirbúningsvinnu, a.m.k. hjá mér, þar sem allt miðaðist við öðruvísi vinnuumhverfi en við búum við.

Verklegt nám var samhliða hinu bóklega og var mikil áhersla lögð á slyshjálp, akstur lögreglu-

bíla en ekki síst skotfimi og alla meðferð skotvopna. Kennt var á allar byssur en þó lögð mest áhersla á skammbyssur og þá sérstaklega það ákveðna skotvopn sem hver maður fékk úthlutað er hann/hún hóf störf sem lögreglumaður, Smith og Wesson 238 cal. og haglabyssur nr. 12, þriggja skota pumpa. Skotfimi var bæði æfð í birtu og að næturlagi við mismunandi aðstæður. Viðbrögð voru þjálfuð með hreyfanlegum hlutum, sem ýmist átti að skjóta á eða ekki. Þannig gat skyndilega birst vopnaður maður sem var að skjóta á mann eða kona með barn. Kennarar voru margir og ekki allir lögreglumenn en þá sérmenntaðir hver í sínu fagi. FBI var afgerandi í kennslunni, einkum í því sem sneri að alríkinu.

Skyndipróf voru tíð og náminu lauk með prófum í öllum greinum. Það kann að hafa ergt suma nemendurna að stúlka var efst á prófum og útlendingur næstur. A.m.k. hafði Steverson gaman af því.

Á kvöldin var mér stundum gefinn kostur á að fara með lögreglunni í Tallahassee í eftirlits-

ferðir. Lögreglumenn þar eru að jafnaði einir á ferð í bílum sínum. Fyrir bragðið eru helmingi fleiri bílar í umferð og svæðið, sem farið er um þá helmingi stærra. Þeir telja mikið gagn að því, að lögreglan sé sýnileg og hafi með því fyrirbyggjandi áhrif. Hins vegar eru bílarnir í stöðugu sambandi sín á milli og þurfi lögreglumenn að fara út úr bíl til að sinna kalli eru samstundis komnir 2 - 3 aðrir til aðstoðar. Skýrslur eru svo gerðar í bílnum á staðnum. Lögreglumenn báru alltaf vopn og haglabýssur er voru í öllum bílum.

Í námslok fór fram útskrift og var talsverð viðhöfn. Nokkrir ættingja minna voru staddir þarna og mættu við útskriftina, þ.á m. Matthías Johannessen, frændi minn, kona hans og synir.

Í framhaldi af þessari upprifjun má geta þess, að eftir að höfundur lenti í hremmingum við skyldustörf árið 1992, kom Melvin Tucker lögreglustjóri í Tallahassee hingað til lands í heimsókn og síðar, árið 1994, Ron Steverson skólastjóri. Báðir dvöldust hér um skeið og stofnuðu til vinstu og tengsla milli lögreglumanna sinna og okkar. Félag áhugamanna innan lögreglunnar var stofnað í framhaldi af því og vinnur að því að styrkja faglega samvinnu og tengsl á milli. Tvær heimsóknir hafa verið farnar til Tallahassee undir forystu Geirs Jóns Þórissonar og stendur til að fara aftur í haust.

Höfundur er starfsmaður lögreglustjórans í Reykjavík.




Skilti ofan við inngang í skólann.



Morgunbl.

Með lögreglustjórunum tveimur

ker, lögreglustjóri í Tallahassee, og Böðvar Bragason, lögreglustjóri í Reykjavík, es Sturlu Guðjónsson, lögreglumann í Reykjavík, sem starfaði með lögreglum 983 og útskrifaðist úr lögregluskóla þar í borg áður en hann hóf störf í lög hannes Sturla slasaðist sem kunnugt er lífshættulega við handtöku kókaínsmygla fyrirsumar.



Páll E. Winkel

Lífaldur lögreglumanna og starfsumhverfi

Fyrri hluta þessa árs vann Landssamband lögreglumanna hörðum höndum að kröfugerð vegna kjaraviðræðna. Í tengslum við það var nauðsynlegt að kanna ýmsa þætti er tengjast beint eða óbeint kjörum lögreglumanna. Greinarhöfundur var m.a. falið að kanna hver meðallífaldur lögreglumanna er í nágrannalöndum okkar þar sem gerðar hafa verið ítarlegar rannsóknir. Niðurstaða samanburðar í þessum löndum er afar sláandi og lögreglumönnum í óhag.

Í Noregi hefur lögreglusambandið gert úttekt á lífaldri lögreglumanna þar sem rökstutt er ítarlega að meðalævi lögreglumanns er töluvert styttri en gerist meðal annarra stétta. Meðallífaldur lögreglumanna í Noregi er u.þ.b. 71 ár. Munur á lífaldri lögreglumanna og annarra stétta er rúmlega 10 ár. Upplýsingar þessar eru fengnar frá hagstofu Noregs. Skal tekið fram að í samanburði þessum var haldið utan beggja hópa einstaklingum er létust vegna óhappa eða vegna sjúkdóma á unga aldri. Í skýrslu lögreglusambandsins í Noregi segir jafnframt að niðurstöðurnar séu sláandi í ljósi þess að miklar kröfur séu gerðar til lögreglumanna hvað varðar líkamlegt og andlegt atgervi og ættu þeir því að hafa umtalsvert forskot umfram aðrar stéttir varðandi líflíkur. Talið er ljóst að erfitt vinnuumhverfi og streita í starfi lögreglumanna sé meginorsök þessarar þróunar.

Í Danmörku hefur lögreglusambandið einnig miklar áhyggjur af lágum meðallífaldri lögreglumanna. Samanburður á meðalævilengd lögreglumanna og

annarra stétta kemur afar illa út fyrir lögreglumenn. Þá hafa forsvarsmenn danskra lögreglumanna sérstakar áhyggjur af þeirri staðreynd að sífellt fleiri lögreglumenn látast langt um aldur fram, eða á aldrinum frá 45 til 55 ára.

Á síðustu árum hefur ekki verið gerð formleg rannsókn hérlendis varðandi lífaldur lögreglumanna annars vegar og annarra stétta hins vegar. Miðað við rannsóknir annarra Norðurlandþjóða virðist ekki vera vanþörf á. Árið 1985 var þó gerð slík könnun. Kom í ljós að meðallífaldur lögreglumanna á þeim tíma var 5 - 7 árum skemmri en annarra Íslendinga. Þá hefur LL fengið aðgengi að gagnagrunni sem fyrrum formenn sambandsins, Einar Bjarnason og Jónas Magnússon, gerðu.

Í grunni þessum eru upplýsingar um dánaraldur 268 lögreglumanna sem látist hafa á síðustu áratugum. Þrátt fyrir að slík samantekt sé ekki tæmandi rannsókn gefur hún vissulega til kynna alvarlegt ástand hér á landi. Samkvæmt samantektinni er meðallífaldur þeirra lögreglumanna sem úrtakið nær til rúm 67 ár. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands lifa Íslendingar u.þ.b. 78 (kk) og 82 (kvk) ár en þar er átt við meðallífaldurslíkur barna fæddra á árinu 2004 en vissulega deyr hluti þess hóps ungur og gerir því samanburðinn enn frekar lögreglumönnum í óhag þar sem enginn getur orðið lögreglumaður fyrr en 20 ára aldri er náð.

Þessar niðurstöður eru vissulega sláandi og nauðsynlegt að bregðast við með viðeigandi hætti. Frekari lækkun lífeyrisaldurs lögreglumanna skiptir auðvitað miklu í þessu tilliti. Þá er ljóst að huga þarf að fleiri atriðum til

að bæta starfsumhverfi lögreglumanna. Það er óumflýjanleg staðreynd að lögreglustarfið er erfitt bæði líkamlega og andlega. Tryggja verður lögreglumönnum öruggan starfsvettvang í viðum skilningi. Er þar að mörgu að hyggja.

Mikilvægt er í þessu tilliti að þeir aðilar er ráðast að lögreglumönnum vegna starfs þeirra hljóti viðeigandi refsingu. Má færa fyrir því rök að svo sé ekki í dag. Nýlega var einstaklingur dæmdur í óskilorðsbundna fangelsisrefsingu fyrir að ráðast á tvo lögreglumenn, slá nokkrum snum til annars, hrinda hinum í götuna, sparka í andlit hans og slá ítrekað í höfuð. Þrátt fyrir langan afbrotuferil, m.a. sex dóma vegna líkamsárása, þótti hæfileg refsing vera 6 mánaða óskilorðsbundin fangelsisrefsing. Refsirammí 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem hér á við er 6 ár. Erfitt er að átta sig á hvað þurfi til að koma þannig að dómstólar ákveði að nýta refsirammann til fullnustu eða í það minnsta meira en raunin var í þessu tilviki. Sérstaklega er þetta athyglisvert í ljósi þess að um er að ræða svonefnt samhverft brot. Í því felst að brot telst fullframið án tillits til afleiðinga, þ.e. ákvæðið á við þrátt fyrir að sá er varð fyrir árásinni hafi ekki slasast eða meiðst. Má fastlega gera ráð fyrir að fælingarmáttur refsingarinnar nái ekki tilskildum árangri nema brotamenn hljóti þyngri refsingu en raunin hefur verið og löggjafinn hefur heimilað. Ljóst er að til þarf að koma hugarfarsbreyting í samfélaginu þannig að þetta verði fært til betri vegar. Til að gera sér betur grein fyrir afstöðu dómstóla til árása á lög-

reglumenn er eðlilegt að bera ofangreindan dóm saman við aðra dóma sem fallið hafa nýlega þar sem brotamenn hafa sambærilegan brotaferil.

Á síðasta ári dæmdi Hæstiréttur Íslands einstakling til óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar fyrir þrjár líkamsárásir er allar vörðuðu við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, minni háttar líkamsárásir. Maðurinn átti nokkurn sakaferil og hafði fjórum sinnum verið gerð refsing fyrir líkamsárásir. Taldi Hæstiréttur hæfilega refsingu vera 8 mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu.

Árið 2002 dæmdi Hæstiréttur mann til 6 mánaða óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar fyrir þjófnað á fartölvu en maðurinn hafði fimm sinnum áður hlotið dóm fyrir þjófnað þar sem þjófnaðarandlag var í flestum tilvikum afar lítið, t.d. áfengisflaska, matarpottur, sælgæti og myndbandspóla. Fjölmarga aðra dóma mætti nefna til samanburðar en svo virðist sem árásir á lögreglumenn þyki léttvæg brot í þessum samanburði.

Fjölmörg önnur atriði mætti nefna sem hyggja þarf að til að gera lögreglustarfið öruggara og draga úr því álagi sem því fylgir. Hlúa verður vel að lögreglumönnum í kjölfar erfiðra verkefna. Þrátt fyrir að áfallahjálpi sé tískufyrirbrigði samtímans er ljóst að slík aðstoð er nauðsynleg fyrir starfsgrein eins og lögreglustarfið þar sem verkefni geta verið afar erfið andlega. Tryggingar skipta miklu máli en þær eru nokkuð víðtækar í dag þótt lengi megi gott bæta. Má í raun segja að með því að lækka eftirlaunaaldur lögreglumanna enn frekar og tryggja að einstaklingum er ráðast gegn lögreglumönnum verði gerð við-eigandi refsing verði stórt skref tekið í þá átt að bæta starfsumhverfi lögreglumanna. LL mun leggja mikla áherslu á að ná árangri á þessum sviðum auk annarra sem eru líkleg til að bæta starfsumhverfi lögreglumanna.

Höfundur er framkvæmdastjóri LL.



Pegar andlát ber að höndum

Útfararstofan annast meginhluta allra útfara á höfuðborgarsvæðinu. Þar starfa nú 15 manns við útfararþjónustu og kistuframleiðslu.

Alúðleg þjónusta sem byggir á langri reynslu

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf.

Vesturhlíð 2 – Fossvogi – Sími 551 1266 – www.utfarastofa.com



Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

KÓPAVOGUR

Júmbó ehf., Kársnesbraut 112
KB ráðgjöf, Hlíðasmára 17
Knastás hf., Skemmuvegi 4 blá gata
Kópavogsnesti, Nýbýlavegi 10
Kríunes ehf., Kríunesi v/Vatnsenda
Krókur, Skeljabrekku 4
Kynniserðir - Flugrútan, Vesturvör 6
Panelofnar ehf., Smiðjuvegi 1
Partasalan, Skemmuvegi 32 bleik gata
Rafvirkni ehf., Fjallalind 137
Reykofninn hf., Skemmuvegi 14 bleik
Reynir bakari ehf., Dalvegi 4
Réttingaverkstæði Jóa ehf., Dalvegi 16a
Réttir bílar ehf., Kársnesbraut 98
S.M. verktakar sf., Skemmuvegi 12
Sérverk ehf., Akralind 6
Smári söluturn, Dalvegi 16c
Smurstöðin Stórahjalla ehf., Stórahjalla 2
Sýslumaðurinn í Kópavogi, Dalvegi 18
Verkfæðistofa Snorra Ingimarssonar ehf.,
Hamraborg 11
Vélaleiga Auberts, Hlíðarhjalli 7
Þvegillinn, Fífuhjalla 3
Þyrlupjónustan ehf., Hlíðarvegi 3

GARÐABÆR

Ásgeir Einarsson ehf., Garðaföt 37
Dísarhóll ehf., Ásbúð 63
Dráttarbílar, Skeiðarási 4
Eðalvagnþjónustan ehf., Hegranesi 23
Elektra ehf., Lyngási 11
Hafnasandur hf., Birkíás 36
High & Mighty, Hrísholti 13
Ísafoldarprentsmiðja ehf., Suðurhrauni 3
Nýbarði hjólbarðaverkstæði ehf., Goðatúni 4
Rásin sf., Hegranesi 21
Ris ehf., Skeiðarási 12
Sælgætis og Videóhöllin, box 333
Vistor hf., Hörgatúni 2
Öryggisgirðingar ehf., Suðurhrauni 2

HAFNARFJÖRÐUR

Ás - fasteignasala ehf., Fjarðargötu 17
Bílaaleigan Atlas Europcar, Flatahrauni 31
Bílaspítalinn ehf., Kaplahrauni 1
Bókhaldsstofa Vals, Dalshrauni 14
Byggingafélagið Sandfell ehf., Helluhrauni 14
Bæjarbakari ehf., Bæjarhrauni 2
Feðgar ehf. - Byggingaverktakar, Fjólúhlíð 13
Fínþúsning ehf., Ishellar 2
Fjarðargrjót ehf., Furuhlíð 4
Fleygtak ehf., Hvaleyrarbraut 22
Flói ehf., Fjólúhvammi 6
Fura ehf., Hringhellu 3, box 491
G.H. Guðmundssynir ehf., Sléttahrauni 19
Glerborg ehf., Dalshrauni 5

Hafdal hf., Hvaleyrarbraut 2
Hafnarbakki hf. v/ Suðurhöfnina,
Óseyrarbraut 8
Holtanesti, Melabraut 11
Hópbílar hf., Melabraut 18
Hurðir og gluggar hf., Kaplahrauni 17
Hvalur hf., Reykjav.veg 48, Box 233
Íslandsprent ehf., Steinhellu 10
Kvikmyndahúsið ehf., Trönuhrauni 1
Námsflokkar Hafnarfjarðar-Miðstöð
Símenntunnar, Brekkugötu 2
Nýsir hf., Flatahrauni 5
Oddur bakari ehf., Stekkjarhvammi 1
smurning.is, Hjallahrauni 4
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Steinsteypusögun ehf., Stapahrauni 6
Suzuki umboðið ehf., Kaplahrauni 1
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði, Bæjarhrauni 18
Tilveruveitingar, Linnestíg 1
Trégarur ehf., Suðurgötu 31
Útfararþjónusta Hafnarfjarðar, Stapahrauni 5
Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.,
Melabraut 23

KEFLAVÍK

A. Óskarsson ehf., Heiðargerði 8
Brunavarnir Suðurnesja, Hringbraut 125
Eggert og Laufey ehf. - Ungó, Hafnargötu 6
Fasteignasalan Stuðlaberg ehf., Hafnargötu 29
Fristund, Faxabraut 27
Guðdís ehf., Vesturgötu 37
Hjólbarðþjónusta Gunna Gunn, Hafnargötu 86
Húsagerðin ehf., Hólmgarði 2c
Húsanes ehf., Hafnargötu 20
Ísfoss ehf., Hafnargötu 60
Japanskir Jeppar, lðavöllum 10
Langbest, Hafnargötu 62
Málverk sf., Skólavegi 36
Nesprýði ehf., Vesturbraut 10-12
Ósk ehf., Óðinsvöllum 6
Plastgerð Suðurnesja ehf., Framnesvegi 21
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
RV ráðgjöf, Efstaleiti 75
Smurstöð og hjólbarðþjónusta
Björns og Þórðar, Vatnsnesvegi 16
Soho Keflavík, Hafnargötu 61
Sólbaðs- og þrekmiðstöðin Perlan,
Mávabraut 8b
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12
Sýslumaðurinn í Keflavík, Vatnsnesvegi 33
Trésmiðaverkstæði Stefáns og Ara sf.,
Brekkestíg 38
Umbrot ehf., Víkurbraut 13 box 162
Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Flugmálastjórn á Keflavíkurlflugvelli,
Íslenskur markaður ehf., Flugstöð Leifs Eiríkss.
Suðurflug ehf., Keflavíkurlflugvelli
Sýslumaðurinn á Keflavíkurlflugvelli, Grænási

GRINDAVÍK

Sjómana- og vélstjórafélag Grindavíkur,
Hafnargötu 9
Þorbjörn Fiskanes hf., Hafnargötu 12

SANDGERÐI

Nesmúr sf, Holtsgötu 26

GARÐUR

Nesfiskur ehf., Gerðavegi 32
Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar,
Heiðartúni 2
Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3

NJARÐVÍK

Bílar og hjól ehf., Njarðarbraut 11d
R. H. Innréttingar, Skipabraut 1
Radióvík ehf., Brekkustíg 14
Renniverkstæði Jens Tómassonar ehf.,
Fitjabakka 1c
Sparri ehf., Bolafót 9
Stapinn, Njarðvík
Toyota salurinn, Njarðarbraut 19

MOSFELLSBÆR

Bílaverkstæði Sigurbjörns Árnasonar,
Flugumýri 2
Grillvagninn ehf., Melgerði
Gunnar og Kjartan, Bjargartanga 16
Hjólbarðaverkstæðið Bæjardekk ehf.,
Langatanga 1a
Nýja bílasmiðjan hf, Flugumýri 20
VGH Mosfellsbær ehf, Flugumýri 36

AKRANES

Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf., Dalbraut 6
Bílaröst ehf., Kalmansvöllum 3
Hjólbarðaviðgerðin sf., Dalbraut 14
Lögfræðistofa Vesturlands ehf.,
Sunnubraut 21
Sandblástur Sigurjóns ehf., Furugrund 39
Skagaverk ehf., Skarðsbraut 11
Smurstöðin Akranesi sf., Smiðjuvöllum 2
Sýslumaðurinn á Akranesi, Stílholti 16-18
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf.,
Smiðjuvöllum 6

BORGARNES

Geirabakarí, Sólbakka 11
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.,
Borgarbraut 61

Shellstöðin Borgarnesi, Brúartorgi 6
Völundur Sigurbjörnsson, Fálkakletti 8

GRUNDFJÖRÐUR

Ragnar og Ásgeir ehf., Sólvöllum 7
Sægarpur ehf., Sæbóli 34

ÓLAFSVÍK

Grímsi ehf., Hjallabrekku 5
Útgerðarfélagið Smyrill ehf., Brautarholti 26

HELLISSANDUR

Skarðsvík hf, Munaðarhóli 10
Snævélar ehf, Laufási 1

BÚÐARDALUR

Sýslumaðurinn í Búðardal, Miðbraut 11

ÍSAFJÖRÐUR

Akstur og löndun ehf, Kleifarvegi 8
Brattur ehf, Góuholti 8
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum,
Hafnarstræti 6
Frystikerfi ehf., Suðurgötu 9
Hamraborg ehf., Hafnarstræti 7
Hóperðabílar - Stjörnubílar ehf, Suðurgötu 9
Ísfang hf., Suðurgötu 12
KNH ehf., Grænagarði
Mjólkursamlag Ísafirðinga, Sindragötu 2
Orkubú Vestfjarða, Stakkanesi 1
Pizza 67 Ísafirði, Hafnarstræti 12
Rörtækni hf., Sindragötu 12b
Sýslumaðurinn á Ísafirði, Hafnarstræti 1
Trésmiðaverkstæðið Ágúst og Flosi,
Árnagötu 3

FLATEYRI

Úlfar ehf., Drafnargötu 2

TÁLKNAFJÖRÐUR

Eik ehf. - trésmiðja, Strandgötu 37
Garra útgerðin, Strandgötu 40
Hraðfrystihúsið á Tálknafirði, Borg
Skip ehf, Skógum
Þórsberg ehf., Pósthólf 90

BRÚ

Vélaverkstæði Sveins Karlssonar, Borðeyri

HÓLMAVÍK

Sýslumaðurinn á Hólmavík, Hafnarbraut 25

HVAMMSTANGI

B. Ástvaldur Benediktsson, Melavegi 2

BLÖNDUÓS

Stigandi ehf., Húnastræt 29,

Auðbjörg Björnsdóttir

Rán á Íslandi

Hugmyndin að því að fjalla um rán í lokaritgerð minni í mastersnámi í félagsfræði kviknaði í janúar 2004 eftir að vera búin að velta því fyrir mér í nokkra mánuði hvert lokaverkefni mitt ætti að vera. Vegna áhuga míns á afbrotufræði og annarri frávíkshögðun langaði mig að finna eitthvert verkefni tengt glæpum. Sú umræða um aukningu á ránum sem átti sér stað í fjölmiðlum um það leyti sem ég var að velja rannsóknar-efnið átti stóran þátt í því að ég ákvað að rannsaka einmitt rán. Einnig spilaði sú staðreynd þó nokkuð hlutverk að ég vissi að ég gæti útvegað nokkra viðmælendur án mikillar fyrirhafnar og að lítið er búið að rannsaka rán á Íslandi.

Þegar ég hóf rannsóknarvinnu mína lék mér m.a. forvitni á því að vita hvað það er sem fær fólk til þess að fremja rán en ekki eitt-hvert annað afbrot. Það sem mér fannst áhugaverðast við rán er sú ógnun sem á sér stað þegar rán er framið. Þannig langaði mig að vita hvað það er sem fær fólk til þess að framkvæma rán og hvort það sé meðvitað um ógnina sem í verknaðinum felst.

Vinnan við verkefnið hófst strax í janúarlök 2004. Í byrjun átti rannsóknin einungis að vera viðtalsrannsókn en fyrir tilstilli Rannveigar Þórisdóttur félagsfræðings hjá embætti ríkislögreglustjóra fékk ég styrk til þess að gera ítarlega úttekt á öllum ránum sem tilkynnt höfðu verið til lögreglu á Íslandi á tímabilinu 1999 til 2004. Í júní 2005 kom svo afrakstur þeirrar vinnu út þegar embætti ríkislögreglustjóra birti skýrsluna Rán á Íslandi 1999 til 2004 (skýrslan í heild sinni http://www.logreglan.is/display.asp?cat_id=691). Sú skýrsla

er unnin að mestu leyti upp úr lokaritgerð minni sem verður tilbúin í október 2005.

Úttektin sem gerð var fyrir embætti ríkislögreglustjóra byggir á öllum skýrslum sem til voru um tilkynnt rán á tímabilinu 1999 til 2004. Þegar búið var að taka þau mál frá sem höfðu átt sér stað erlendis eða töldust ekki vera eiginleg rán skv. skilgreiningunni, var um 217 aðskild mál að ræða. Úr skýrslunum voru dregnar fram upplýsingar sem þóttu skipta máli í sambandi við ránin, eins og t.d. vopnategund eða fjöldi ræningja. Gögnin voru slegin inn í SPSS-tölfræðiforritið og þannig var búið til gagnagrunnur sem auðvelt er að bæta upplýsingum við í framtíðinni. Í úttektinni var m.a. fjallað um eðli rána, hverjir fremja þau, fjöldi handtekinna/kærðra, ástand og tegund ræningja, framkvæmd ráns og fórnarlömb rána.

Rán eru afbrot sem er einstaklega þægilegt að rannsaka þar sem í flestum tilfellum eru þau þess eðlis að þau eru tilkynnt til lögreglu. Í langflestum tilfellum eru vitni að brotunum eða fórnarlömb sem geta gefið vitnisburð sem eykur aftur á þær upplýsingar sem til eru um rán.

Gengið var út frá þeirri skilgreiningu á ránum sem er að finna í 252. grein almennra hegningarlaga á Íslandi sem er:


Hver, sem með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað tekur af manni eða neyðir út úr manni fjármuni eða önnur verðmæti, kemur undan hlut, sem verið er að stela, eða neyðir mann til þess að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, sem hefur í för með sér fjárhagstjón fyrir þann mann eða aðra, skal sæta fangelsi ekki skemur en 6

mánuði og allt að 10 árum. Hafi mjög mikil hætta verið samfara ráninu, getur refsingin þó orðið allt að 16 ára fangelsi (almenn hegningarlög nr. 19/1940).

Stundum er litið á rán sem ýkt form af þjófnaði en í þeim glæp er aðalástæðan þjófnaður og valdi er aðeins beitt til þess að fylgja þjófnaðinum sjálfum eftir. Rán vekja oft sterkari viðbrögð en aðrir glæpir því að í ráni er um tvo ógnandi hluti að ræða, sem báðir vekja mikinn ótta hjá fólki, í fyrsta lagi notkun valds gegn fórnarlambi og í öðru lagi er stolið af fórnarlambinu sjálfu. Rán valda líka óróleika því að vanalega fremja ókunnugir þau óvænt og oft með ofbeldi. Fórnarlambinu líður þá oft eins og það hafi verið skotmark af eintómri tilviljun en það að rán eru svo ófyrirsjáanleg gerir þau oft og tíðum meira ógnandi en ella (Conklin, 1972).

Rán hafa verið rannsökuð af fræðimönnum og þá einna helst í Bandaríkjunum og Bretlandi. Þessar rannsóknir hafa flestar verið í formi viðtalsrannsókna og niðurstöður þeirra mismunandi milli fræðimanna. Rannsóknir í Bandaríkjunum hafa meðal annars þótt sýna að ræningjar upplifa það að hafa ekki val á öðru en að fremja rán. Þannig eru rán þeirra oft framin án mikils undirbúnings og í miklum flýti (Wright og Decker, 1997). Í þessu ljósi er áhugavert er að skoða ræningja á Íslandi og hvernig þeir standa að ránum sínum og hvort þeir eru svipaðir öðrum ræningjum.

Helstu niðurstöður voru þær að tíðni rána á Íslandi seinustu sex ár hefur haldist frekar stöðug. Flest rán voru framin árið 1999 en fæst árið 2002. Á Íslandi voru framin um 36 rán að meðaltali á



Fjöldi rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.

ári tímabilið 1999 til 2004.

Eðli rána er það sem hefur helst breyst en bankarán komu við sögu á seinustu tveimur árum og það dró úr pizzasendlaránum og ránnum á opnum svæðum (rán á einstaklingum) á tímabilinu.

Alls stóðu um 388 einstaklingar að þessum 217 ránnum sem framin voru. Konur voru átta af þessum aðilum eða rétt um 2%. Meðalaldur þeirra sem handteknir voru og höfðu réttarstöðu grundaðra um rán var 23,3 ár. Flestir hinna handteknu voru undir 20 ára, eða 69% að meðaltali allra ræningja á tímabilinu.

Fjárhörf var aðalástæðan fyrir því að menn ákváðu að fremja rán þegar ástæða var gefin upp. Þar á eftir kom sú ástæða að ræninginn var drukinn eða undir áhrifum fíkniefna. En meirihluti þeirra ræningja sem gáfu upp ástand sitt var undir áhrifum vímuefna (áfengis eða annarra) þegar þeir frömdu rán sín, eða 64,6%. Á seinustu tveimur árum hefur það aukist að fíkniefnaskuld sé nefnd sem ástæða en hún var nefnd í

rúmlega einum þriðja tilvika á tímabilinu 2003 til 2004, þegar ástæða kom fram.

Sjötíu og tvö prósent rána voru framin án þess að ræningjar notuðust við hótanir. Í 51% ránstilvika á tímabilinu 1999 til 2004 var ofbeldi beitt (hér er ekki átt við ofbeldisbeitingu með vopni). Almennt virtust ræningjar nota vopn til að ná stjórn á aðstæðum án þess þó að notast við hótanir. Vopn voru meðferðis í 56% mála af þeim 217 ránsmálum sem komu fyrir á tímabilinu, frá árinu 2002 hefur vopnanotkun á Íslandi aukist.


Eins og áður hefur komið fram tók ég líka viðtöl við aðila sem framið hafa rán. En með því að notast bæði við lögreglugögn og viðtöl er hægt að fá heildstæðari og skýrari mynd af því hvað það er sem einkennir rán og ræningja á Íslandi.

Tekin voru viðtöl við 13 einstaklinga sem framið hafa rán, eina konu og 12 karla. Með viðtölunum var reynt að fá aukið inn-sæi í rán og reynt að svara spurn-

ingum eins og af hverju að fremja rán? Allir þátttakendurnir höfðu einhverja reynslu af afbrotum áður en þeir frömdu rán sitt/sín, sú reynsla var misjöfn milli viðmælenda en innbrot, fíkniefnabrot og skjalafölsun voru algengustu brotin sem nefnd voru í því sambandi. Tólf af 13 viðmælendum voru í fíkniefnareynslu á þeim tíma sem þeir frömdu rán sín og 11 af þeim höfðu viðurkennt fíkniefnavandamál.

Samkvæmt því sem þátttakendur sögðu er peningahörfin það sem knúði þá áfram til þess að fremja rán. Aðrir þættir léku líka stórt hlutverk í ástæðu fyrir ráni eins og gott ránstækifæri, sem er í takt við það sem aðrar rannsóknir hafa sýnt (Wright og Decker, 1997, Matthews, 2002 og Gills, 2000). Flestir viðmælendur ætluðu sér að eyða peningunum úr ráninu í fíkniefni.

Sú ákvörðun að fremja rán var fyrir stóran hluta viðmælenda ekkert rosalega erfið þar sem þeir höfðu allir einhvern tímann velt möguleikanum fyrir sér áður og í



Rán þar sem fórnarlömbum var hótað, ofbeldi var beitt og vopn voru með í för samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

sumum tilvikum skipulagt rán áður. Fyrir suma þessara viðmælenda var eins og það hefði bara verið tímaspursmál hvenær þeir létu verða af því að fremja rán og þegar tækifærið kom skelltu þeir sér því á það. Fyrir suma sem aldrei höfðu hugsað út í það að fremja rán tók það þá í raun nokkra daga að átta sig á hvað hefði gerst, það er að segja að þeir hefðu raunverulega framið rán. En þessir aðilar voru undir miklum áhrifum fíkniefna þegar þeir frömdu rán sín sem hafði án vafa mikil áhrif á ákvarðanatöku þeirra.

Ástand í ráni var mjög ólíkt milli þátttakenda en það var hægt að tala um að viðmælendurnir skiptust upp í þrjá meginhópa í því tilliti. Það voru í fyrsta lagi þeir sem frömdu rán sín alsgáðir. Í öðru lagi þeir sem rændu vegna þess að það var að renna af þeim og þeir ætluðu sér að útvega meiri fíkniefni með ráninu. Í þriðja lagi sá hópur sem rændi undir áhrifum, en margir í þeim hóp segja að þeir hefðu líklegast ekki rænt nema sökum þess að þeir voru einmitt undir áhrifum.

Misjafnt var á milli viðmælendanna hvernig þeir báru sig að þegar rán var framkvæmt. Þannig lentu tveir aðilar í því að fórnarlömbin áttuðu sig ekki á því strax að rán væri að eiga sér stað, þó svo að í báðum tilvikanna væri um vopnað rán að ræða og meira að segja um haglabyssur að ræða í öðru tilvikinu.

Mesta mildi þykir að ekki hafi orðið nein alvarleg líkamleg meiðsli í þeim ránum sem þátttakendurnir sem talað var við hafa framið, því fram kom að hugsanleg mótspyrna hefði ekki stoppað stóran hluta viðmælendanna við rán sín og að þeir hefðu ekki hikað við að beita ofbeldi við framkvæmd þeirra. Þetta gefur til kynna að það að beita ofbeldi í ráni sé ekki mikil hindrun fyrir þá og að margir þeirra vili ekki fyrir sér að beita ofbeldi ef til þess hefði komið.

Áhugavert var að allir viðmælendurnir könnuðust við það að hafa hugsað aftur út í það að fremja rán, þó svo að sumir þeirra hefðu verið teknir fyrir rán sín,

þegar þeir voru spurðir út í það. Misjafnt var milli viðmælenda hversu mikið þeir höfðu spáð í að fremja aftur rán. Þannig voru nokkrir sem greinilega höfðu íhugað annað rán talsvert og voru meðal annars með hugsanlega ránsstaði í huga. Greinilegt var að rán voru enn þá fyrir suma viðmælendur raunhæfur möguleiki til fjáröflunar, óháð því hvort þeir hefðu verið handteknir fyrir fyrri rán sín eða ekki. Þannig töldu nokkrir viðmælendur ekki ólíklegt að þeir myndu fremja rán eða önnur afbrot í nánustu framtíð.

Hér gefst ekki tími til að fara ítarlega í helstu niðurstöður en þegar þær eru skoðaðar er m.a. áhugavert að velta fyrir sér þeirri breytingu sem hefur orðið á eðli rána, þ.e.a.s. að dregið hafi úr ránum á opnum svæðum og á pizzasendum. En að bankarín hafi komið til í auknum mæli seinustu ár bendir til þess að einhvers konar tilfærsla hafi orðið. Hægt er að búast við því að bæði pizzasendlar og vegfarendur á opnum svæðum séu ekki með eins mikla peninga á sér í dag eins og þeir voru með fyrir nokkrum árum, meðal annars vegna aukinna kortaviðskipta. Hér verður þó að hafa varann á því að ekkert í gögnunum bendir til þess að þeir sem áður rændu pizzasendla og fólk á opnum svæðum séu þeir sömu og ræna banka í dag.

Það sem stendur þó helst upp úr er fíkniefnaneysla þeirra sem fremja rán en greinilegt er að fíkniefnaneysla kemur mönnum oft í það ástand að það að fremja rán verður raunhæfur möguleiki til þess að halda neyslunni áfram. Fíkniefni skerða dómgreind og tengsl við raunveruleikann og geta þar af leiðandi haft skelfilegar afleiðingar bæði fyrir þann sem neytir þeirra, þ.e.a.s. ræningjann, og svo ekki sé minnst á fórnarlömb hans.

Ef skoðaðar eru helstu niðurstöður rannsóknarinnar út frá bæði lögreglugögnunum og viðtölunum er dæmigerður íslenskur ræningi ungur karlmaður um 23 ára sem hefur reynslu af afbrotum og fíkniefnum. Hann er í fíkniefnaneyslu og telst til fíkla- og drykkjuræningja, þ.e.a.s. hann

fremur rán til þess að fjármagna neyslu sína. Hann er undir vímuáhrifum þegar hann fremur ránið sem er vanalega illa skipulagt og framið í miklum flýti með mjög litlum fyrirvara. Hann er með hulið andlit, oftast lambhúshettu. Hann notast ekki við hótanir en er vopnaður, oftast með hníf, og beitir ofbeldi ef þarf. Ef hann er handtekinn og dreginn fyrir dómstóla er líklegt að fíkniefnanotkun hans sé notuð sem ástæða fyrir ráni.

Með tilkomu ritgerðarinnar og gagnagrunns sem útbúinn var í tengslum við hana er nú hægt að halda áfram að skoða tilkynnt rán til lögreglu og fylgjast þannig með hugsanlegum breytingum á ránum á Íslandi sem gætu orðið þegar til langs tíma er litið og hjálpað þannig lögreglu að bregðast við þeim. Einnig sést mikilvægi þess að lögreglumenn skrái skýrslur af nákvæmni svo að hægt sé að nýta þær upplýsingar í áframhaldandi rannsóknir í nánustu framtíð.

Upplýsingarnar sem nú liggja frammi um rán er nú hægt að nýta til þess að bregðast við ránum með hugsanlegum forvörnum eða öðru sem myndi þá vonandi fækka ránum.

Audbjörg Björnsdóttir
audbjorg@hi.is

Heimildaskrá:

Gill, Martin. (2000). *Commercial robbery. Offenders' perspectives on security and crime prevention*. London: Blackstone press limited.

Matthews, Roger. (2002). *Armed robberies. Crime and society series*. England: Willan publishing.

Wright, Richard T. og Scott Decker.(1997). *Armed robbers in action: stickup and street culture*. Boston: Northeastern university press.

**Eiríkur Ragnarsson, Kjartan Ægir Kristinsson,
Húnbogi Jóhannsson, Hörður Lilliendahl.**

16.03.2005

„Ridealong“ í Daytona Beach

Við fórum á næturvakt með merktum lögreglumönnum frá Daytona Beach. Hver og einn okkar fór með einum lögreglumanni í sér bíl. Vaktinni var stjórnað af Sgt. Craig „Spike“ Capri.

Í Daytona búa 60.000 manns og eru þar 240 lögreglumenn. Lögreglumenn á almennri vakt ganga 12 tíma vaktir 16 - 4 og 4 - 16.

Fjórum til fimm sinnum á ári fjölga íbúum í hátt í 500.000 en það er á Bikeweek í mars og október, Springbreak er haldið í mars og margt ungt fólk kemur til Daytona til að skemmta sér. Þá eru haldnar stórar kappaksturskeppnir, til dæmis Daytona 500, og sækja þessa keppni um 250.000 áhorfendur og aðalgötur í Daytona liggja að kappakstursbrautinni. Craig sagði okkur að það tæki um 7 - 8 tíma að koma fólkinu á og frá keppnisstað með keppninni sjálfri.

Það sem kom upp á næturvaktinni á meðan við vorum viðstaddir;

Þrír menn sektaðir fyrir að hafa opnar áfengisumbúðir í bifreið sinni. Sleppt að viðræðum loknum.

Aðili sem braut hurð á skemmtistað, hann fékk tækifæri til þess að borga hurðina eða fangelsisvist. Hann kvaðst vilja borga frekar en að fara í fangaklefa. Hafði samband við móður sína sem kom og greiddi fyrir hurðina.

Aðili handtekinn fyrir að drekka úr opinni bjórdós á götunni. Honum sleppt að viðræðum loknum og áfenginu hellt niður.

Farið var inn á tvo skemmti-

staði í verri hluta bæjarins sem blökkumenn sækja. Farið var inn með látum og hlupu lögreglumennirnir og við inn. Þar fannst krakk og maríhúana, tveir aðilar handteknir með efni. Nokkrir aðilar hlupu í burt frá staðnum.

Höfð afskipti af grunuðum innbrotspjófi sem var með verkfæri, grímu og vasaljós. Sá aðili var nýkominn úr 15 ára fangelsi fyrir innbrot og fíkniefni. Sögðu lögreglumenn að þessi aðili ætti ekki heima í þessu hverfi og væri hann því í leyfisleysi þarna. Þannig er það að hverfin í USA eru skipt og mega menn ekki vera í hverfunum nema með sérstöku leyfi. Þessi aðili var skráður niður, ljósmyndaður og ef eitthvað kæmi upp í hverfinu yrði hann grunaður um verknaðinn. Honum sleppt að viðræðum loknum.

Þegar við vorum að fara frá grunaða innbrotspjófnum var ölvadur ökumaður að reyna að komast undan á fæti skammt frá okkur. Þegar við komum á staðinn sáum við þegar lögreglumaður skaut manninn með straumbyssu, „tazer“, þar sem hann streittist á móti. Gífurleg virkni var í þessu vopni og lagðist maðurinn niður í götuna. Fengum við að skoða straumbyssuna og önglana sem voru fastir í holdi mannsins.

Farið var inn á vinsælustu skemmtistaðina á Daytona Beach, Razzles, Oyster Club, Lollipops og Fuel, þar voru lögreglumenn við sýnilegt eftirlit og ræddu við gesti og starfsmenn. Það vakti athygli okkar hve mikillar virðingar lögreglumennirnir njóta hvar sem þeir koma. Þá veittum við því einnig athygli að þeir taka hart á öllum málum og gefa ekkert eftir.

Dyravörður á einum skemmtistað vísar lögreglumönnum á bifreið sem líklega væri verið að reykja maríhúana í. Farið að bifreiðinni og megn kannabislykt kom frá bifreiðinni. Þegar dyr bifreiðarinnar voru opnaðar steig út reykur og aðilar handteknir grunaðir um fíkniefnamisferli. Leituðum við í bifreiðinni og við leit fannst ætlað kannabisefni.

Þegar skemmtistöðum var lokað var allri umferð lokað við skemmtistaðina og nærliggjandi götum og fólki nánast smalað í burtu. Allir leigubílar voru settir upp í röð og fólki þéttraðað í bílana. Margt var af fólki á þessum skemmtistöðum en tók það furðulítinn tíma að smala því burtu. Enginn hópamyndun var leyfð, það er að segja að fólk fékk ekki að hanga fyrir utan staðina eftir lokun. Einn aðili var eitthvað ósáttur við lögregluna og var hann tekinn föstum tökum við einn staðinn. Sá aðili fékk að dúsa í fangageymslu.

Eftir lokun skemmtistaða og smölun lauk okkar vakt með lögreglunni í Daytona Beach.

Höfundar eru starfandi rannsóknarlögreglumenn í ÁFD.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

TOPSPOC

Lkjölfar stjórnunarnáms við Lögregluskóla ríkisins sumarið 2004 gafst mér kostur á að taka þátt í svokölluðu TOPSPOC (Top Senior Police Officers' Course) verkefni á vegum CEPOL. Þátttakendur komu frá 24 Evrópulöndum og voru ýmist lögfræðingar eða lögreglumenn en áttu það sameiginlegt að vera yfirmenn í lögreglu og að hafa einhvers konar framhaldsnám að baki. Eiríkur Hreinn Helgason, yfirlögregluþjónn í Lögregluskólanum, tók þátt í sams konar verkefni 2003 - 2004.

Verkefnið fólst í rauninni í þrennu; a. Að leysa verkefni með hópi þátttakenda og skila afurð um samstarf lögreglu í Evrópu, b.

Að efla samvinnu og tengsl meðal þátttakenda, með áherslu á fjölþjóðlegt samstarf og lausn á vandamálum, c. Að læra með sérstakri aðferð, þ.e. svokallaðri Action-learning-aðferð, þar sem gengið var út frá að þátttakendur hefðu mismunandi námsaðferðir.

Verkefnið var útfært með fjórum fundalotum sem hver um sig stóð í eina vinnuviku, en þess á milli var mikil vinna við að forma og móta verkefni, þar sem fjögur mismunandi verkefni voru unnin í hópastarfi án þess að hópurnir hittist að neinu gagni á milli fundalota.

Fyrsta lotan var haldin í Warnsveld í lögregluskólanum í Hollandi í september 2004, næsta var í lögregluskólanum í Lyon í Frakklandi í desember 2004, sú

þriðja var haldin í apríl 2005 í lögregluskólanum í Bramshill í Bretlandi og lokalotan var í Stokkhólmi í júní sl., en þar voru lokaverkefnið kynnt.

Hvert land kynnti sína lögreglu fyrir þátttakendum, með erindum og kynnisferðum og að öðrum ólöstuðum var alveg magnað að sækja bresku lögregluna heim - það er gríðarleg gróska og framsækni í þeirra starfi og gott að leita fyrirmynda um margvísleg verkefni og ekki síst aðferðafræði við lögreglustörf.

Ég mun reifa mjög stuttlega þá dagskrá sem fram fór í hverri lotu fyrir sig og einnig gera stuttlega grein fyrir verkefnunum sem unnin voru af þátttakendum.

Yfirskrift Topspoc-verkefnisins 2004 - 2005 var „hlutverk lög-



TOPSPOC 2004-2005, Sigríður er í næst efstu röð, lengst til hægri.

reglu í almannaoýruggi, með sérstakri vísan til ímyndar, stefnumótunar, samstarfs og ábyrgðar“ („the role of the police in public safety with particular reference to image, strategic communication, partnerships and accountability“) og mótast dagskráin af þeirri yfirskrift.

Warnsweld

Í Warnsweld var námskeiðið kynnt, hugmyndafræðin að baki og lögð áhersla á að þátttakendur kynntu sig, land sitt og þjóð. Heilmikið púður fór í námstækni og að kenna mönnum að vinna með „action-learning“-aðferð, sem var að mínu mati eins konar félagsfræðileg nálgun á mismunandi manngerðum og vinnubrögðum þeirra. Þannig var ein námstæknin svokölluð hugsuðar-aðferð (reflectors) og önnur athafna-aðferðin (activists), en of langt mál er að fjalla um það frekar hér. Kynnt voru til sögunnar fjögur verkefni og þátttakendum skipt upp í hópa sem héldust allan tímann. Einn ábyrgðarmaður var með hverju verkefni og héldu þeir erindi um efni sem tengdust verkefnunum og voru jafnframt prófdómarar í loklotunni í Svíþjóð. Verkefnin voru eftirfarandi: 1. Cospol, 2. Europol, 3. The Luxembourg Treaty og 4. The gap. Ég var í síðasta hópnum með mönnum af ýmsum þjóðernum; Frakka sem starfar hjá Europol, afar háttsettum Belga með 5.000 undirmenn, einni skærustu lögreglustjórn þeirra Breta, tölvuglæpasnillingi frá Rúmeníu, slóvenskum lögreglumanni og efnahagsbrotalögfræðingi frá Ítalíu. Samstarfið var krefjandi en skemmtilegt og staðfesti hugmyndir mínar um samstarf almennt í Evrópusambandinu og þátt Íslands í því, en sú umfjöllun á ekki heima hér eða nú. Umfjöllunarefnið var annars vegar hvort gjá væri á milli pólitískra væntinga til lögreglu og þess raunveruleika sem lögreglan í Evrópu stæði frammi fyrir og ef svo væri hvernig bæri að brúa þá gjá. Hitt umfjöllunarefnið var hvaða eiginleikum og hæfni lögreglustjórar ættu að búa yfir, þar sem starfsumhverfi þeirra væri í raun alþjóðlegt og sífbreytilegt.

Við fórum í vettvangsferð þar sem fjallað var meðal annars um aðferðir Hollendinga við að berjast gegn fíkniefnavandanum (að leyfa neyslu að ákveðnu marki) og vandamálin tengd samstarfi við nágrannapjóðir. Lotan í Warnsweld vakti upp óteljandi spurningar en svaraði fáum.

Lyon 6. - 10. desember 2004

Í Lyon var fjallað um mismunandi menningu og samskipti, þar á meðal við fjölmiðla. Frakkar hafa gerólíkt viðhorf til fjölmiðla og samskipta en við eigum að kynnstast hérlendis, að minnsta kosti ef marka má framsetningu fyrirlesaranna, þar sem gengið var út frá að lögreglan væri ávallt við stjórnvölinn og afhenti fjölmiðlum upplýsingar eftir geðþótta. Franskur fjölmiðlamaður flutti einnig erindi og talaði um trausta fjölmiðla og ótrúverðuga og könnuðust allir þátttakendur við gulu pressuna í sínum heimalöndum, þar á meðal íslenski fulltrúinn.

Farið var í heimsókn í höfuðstöðvar Interpol í Lyon og var það afar áhugavert og skemmtilegt. Michael Rose, yfirmaður upplýsingaskrifstofu Interpol, flutti stutta ræðu þar sem hann lagði ríka áherslu á að starfsemi Interpol væri þekkt og notuð af öllum lögreglumönnum í öllum þáttökulöndum og að brýna bæri mikilvægi upplýsingamiðlunar í hverju landi. Nokkur umræða spannst um gildi upplýsinga og hvernig hægt væri að fá lögregluna til að vera duglegri við að deila upplýsingum. Heimsóknin til Interpol var alveg frábær og flestir þátttakendur fóru með heim í farteskinu að vilja starfa þar um lengri eða skemmri tíma.

Hóparnir unnu áfram í verkefnunum og farin var ógleymanleg skemmtiferð á ljósanótt um Lyon. Maturinn í þessari ferð var ólýsanlegur og flestir sátu uppi með afleiðingar þessa langt fram á nýtt ár.

Bramshill 8. - 22. apríl 2005

Helstu umfjöllunarefnið í Bramshill voru hryðjuverk og skipulögð glæpastarfsemi og aðferðir til að stemma stigu við þeim. Reynt var

að tengja umfjöllunina við þau töl sem lögregla í Evrópu hefur yfir að ráða í þessari baráttu. Bretar kynntu sín áherslumál og nýjungar, m.a. sérstakan trúarlögreglumann sem er nýjung í löggæslu og hefur strax sannað gildi sitt við rannsóknir mála og forvarnir. Farið var í heimsókn í Hampshire Constabulary, en það lið þjónar Hampshire sem er með um tvær milljónir íbúa um vetur, en íbúafjöldinn tvöfaldast á sumrin. Lögregluliðið telur tæplega 3.800 lögreglumenn og tæplega 2.300 aðra starfsmenn lögreglu.

Það markverðasta við heimsóknina var að mínu mati það, að áhersluatriði í Bretlandi eru að fækka glæpum með mælanlegum hætti og að gera þjónustumiðaða lögreglu sem bregst við þörfum samfélaga og einstaklinga og eykur traust almennings til lögreglu, sérstaklega meðal minnihlutahópa. Sérstök áhersla er lögð á samstarf til að kljást við andfélagslega hegðun og bæta refsivörslu, til þess að minnka áhyggjur fólks af glæpum og andfélagslegri hegðun. Lögð er áhersla á að berjast gegn alvarlegri og skipulagðri glæpastarfsemi, án tillits til umdæma. Þessum markmiðum hyggst breska lögreglan ná fyrst og fremst með upplýsingamiðaðri lögreglu, eða „intelligence-led policing“ sem stefnt er að að lögregla í öllum Evrópuríkjum sameinist um og hefur meðal annars verið í þróun hjá ríkislögreglustjóranum hérlendis. Þá er öryggistilfinning borgaranna í sérstakri skoðun hjá bresku lögreglunni, enda hefur ótti almennings við glæpi aukist stöðugt, þrátt fyrir að glæpum hafi fækkað verulega í Bretlandi undanfarin ár.

Nefna má að eitt atriðið í Bretlandi var að þátttakendur kæmu með þjóðlegan mat eða drykk og deildu með félögum sínum. Með sönnum þjóðernisrembingi flutti ég reiðinnar ósköp af hákarli og íslensku brennivíni með mér í þessu skyni. Í stuttu máli sagt vakti þessi matur ekki sérlega lukku en þeim mun meiri athygli og umtal, ekki endilega jákvætt.

Solna 13. - 17. júní 2005

Loklotan var í lögregluskólanum

í Solna, sem er rétt fyrir utan Stokkhólm. Áhersla var góð á gegnsæi og ábyrgð lögreglunnar, þ.e. hver gæti varðanna. Umboðsmaður þingsins kynnti sína starfsemi og helstu kvartanir vegna lögreglu, lögreglustjóri á landsbyggðinni gerði grein fyrir sinni afstöðu og fjallað var um innra eftirlit og lögreglunefndir.

Mesta þúðrið fór samt í verkefnavinnuna og kynningar á verkefnum, en hver hópur hafði þrjár klukkustundir til að gera grein fyrir sinni afurð.

Verkefnin

Enginn hópanna hafði fundið heildarlausn eða frábæra aðferð til að bæta samvinnu lögreglu í Evrópu. Flestir höfðu þá reynslu að það væri ekki einungis alþjóðleg lögreglusamvinna sem væri vandamál, heldur einnig samvinna mismunandi lögreglueininga og -stofnana innanlands í hverju landi. Gerð var grein fyrir þeim tækjum og tólum sem þegar eru til í formlegu Evrópusamstarfi, þ.e. Cospol (Comprehensive Operational Strategic Plan for the Police) og ekki síst var fjallað um Europol, kosti þess og galla og umræðuna um það hvort Europol eigi að vera eiginlegt evrópskt lögreglulið sem sjái um aðgerðir, eða einungis stuðningur við lögregluna í aðildarlöndum ESB, með því að reka upplýsingaþjónustu og einstök samstarfsverkefni. Fjallað var um nýlegan samning, Lúxemborgarsamninginn, sem gefur vonir um fleiri tæki og tól, en samningurinn fjallar um samstarf á milli landa við raunverulega löggæslu. Niðurstaða míns hóps var að vissulega væri gjá í lögreglusamstarfi, en að það væru til aðferðir við að brúa hana. Þá týndum við upp helstu eiginleika sem við töldum góðan og gegnan lögreglustjóra eiga að vera búinn.

Það sem eftir situr hjá mér er þó fyrst og fremst einföld tillaga sem umsjónarmaður Cospol-hópsins, Jan Wiarda, fyrrum lögreglustjóri í Haag, setti fram á hógværan máta, en hún var sú að lögreglustjórar í Evrópu mynduðu stjórn Europol, með svipuðum hætti og gert er í nýlegri

landamærastofnun Evrópu sem Jóhann Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, á sæti í. Einföld og áhrifarík lausn til að færa raunveruleika lögreglunnar inn í evrópskt lögreglusamstarf!

Fleira markvert

Fyrir utan þann fróðleik sem þegar hefur verið nefndur var samfélagið við þátttakendur afar lærdómsríkt, en mikið var lagt upp úr hópastarfi og voru oft eins konar vinnukvöldverðir, þar sem unnið var við ýmis verkefni eða markviss skoðanaskipti undir borðhaldinu á kvöldin. Unnið var í rútum þegar ferðast var á milli staða og allir urðu að taka virkan þátt.

Í ljós kom að um helmingur þátttakenda hafði nýverið verið hluti af breytingum á umhverfi lögreglu eða átti von á breytingum á umdæmum eða verkefnum. Mikið var rætt um miðstýringu lögreglu, breytt hlutverk lögreglu, auknar menntunarkröfur og sveigjanleika og betur skilgreindar óskir og þarfir viðskiptamanna okkar. Framganga fjölmiðla og ímynd lögreglu var mönnum ofarlega í huga og krafa stjórnálmanna og peningavaldsins um mælanlegan árangur. Töluverður munur var á aðbúnaði og menningu lögreglunnar í hinum ýmsu löndum og var bersýnilegt að Norðurlöndin voru fyrirmynd fyrrum Austur-Evrópu í mörgum þáttum. Suðurevrópsku fulltrúunum var ekki eins umhugað um lýðræði og opið samfélag og tóku harðari afstöðu til lögregluvaldsins. Löggæsluáætlun er gerð til nokkurra ára í senn í mörgum Evrópulöndum, oftast gefin út af viðkomandi ráðuneyti en unnin í samstarfi við lögreglu. Út frá þeirri áætlun gera lögregluliðin staðfærða áætlun fyrir sitt umdæmi og með þessu móti eru allir að stefna markvisst í sömu átt.

Almennt kom þó í ljós, að án tillits til þjóðernis, stöðu, verkefna, aldurs, kynferðis eða menntunar sló lögguhjartað eins í okkur öllum - já, líka í stjórnendum lögreglu með lögfræðibakgrunn.

Um eitt voru allir þátttakendur sammála; að það væri krafa hins almenna borgara að lögreglan gætti þess að nánasta umhverfi

borgarans væri öruggt og tryggt, en að lögreglan ætti samt ekki að hafa afskipti af honum!

Að lokum

Ég tel að með stjórnunarnámi Lögregluskólans og þeirri gerjun sem er á málefnum lögreglunnar héraendis, til dæmis með þátttöku okkar fólks í erlendu samstarfi, sé góður jarðvegur fyrir umræður um lögreglustarfið, þróun þess og fyrirmyndir og hægt að leita fanga víðs vegar, innan kerfis sem utan. Ég auglýsi hér með eftir vettvangi til slíkra umræðna, til dæmis með málþingi um lögreglustarfið, með því að opna hugmyndabanka á lögregluvefnum eða með því að nota vettvang Lögregluskólans til þess að eiga skoðanaskipti um störf okkar og framtíðarsýn.

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að þakka stjórnendum Lögregluskólans fyrir að hafa gefið mér þetta dýrmæta tækifæri til að taka þátt í evrópsku lögregluverkefni. Jafnframt vil ég þakka starfsmönnum ríkislögreglustjórans, þeim Þóri Oddssyni, Smára Sigurðssyni, Sigurgeiri xxx og Stefáni Eiríkssyni fyrir mikla og góða aðstoð við verkefnavinnu tengda Topspoc. Ítarlegri greinargerð um Topspoc verður gerð aðgengileg á vefnum í byrjun næsta mánaðar.

Höfundur er lögreglustjóri á Ísafirði

Tölvupóstviðtal við Óskar Bjartmarz

Petta hljóta að vera mikil viðbrigði, kominn á mölina og félagsmálin með öðrum hætti.

„Auðvitað eru það viðbrigði að skipta um starfsvettvang og ég tala nú ekki um þegar maður fer landshlut á milli til þess.“

Er ekki erfitt að kúpla sig svona út úr félagsmálunum og fara að vinna lögreglustarfið í rúmlega fullu starfi.

„Ég kippi mér ekkert upp við það að halda áfram að vinna lögreglustarfið í fullu starfi en aðal breytingin verður hins vegar í því að minnka við mig félagsstörfin. Ég er ekki alveg hættur félagsmálum ennþá en tel reyndar að það að fara burtu úr hringiðjunn samhlíða því að draga sig í áföngum úr félagsmálunum, geri þetta auðveldara. Það hefur líka verið nóg að gera hér í umdæminu eftir að ég kom þannig að lítil tími hefur verið til að hugsa um annað.“

Hvað verður með stjórnarsetu í LL og eins í ÍSL, hefurðu áhuga á að sitja áfram í stjórn LL eftir þetta kjörtímabil.

„Eins og þú veist þá hætti ég

sem formaður LL þann 01. ágúst s.l. en sit í stjórninni í dag sem gjaldkeri. Ég mun hætta í stjórn LL á næsta þingi og hef ekki leitt hugann að öðru en að hætta þá. Varðandi ÍSL þá mun ég halda áfram sem formaður til næsta þings ÍSL sem verður á næsta ári en tíminn mun leiða í ljós með hvað tekur við að loknu þingi.“

Viðhorf til héraðslögreglumanna og óskólagenginna afleysingamanna

„Að mínu mati eru héraðslögreglumenn alveg bráðnaðsynlegir þar sem þeirra er þörf vegna smæðar lögreglulíðs en ég tel hins vegar að þeir eigi aðeins að vera til aðstoðar en eigi ekki að bera uppi löggæsluna. Staðreyndir eru hins vegar þær og m.a. hér á starfssvæði lögreglustjórans á Seyðisfirði, að vegna smæðar líðsins þurfa þeir að bera hitann og þungann af ýmsum verkefnum. Þeir sem hér starfa hafa staðið sig mjög vel, reyndar afburðavel en það breytir ekki þeirri staðreynd að okkar „kunnar“ eiga rétt á því að fá þjónustu fagmenntaðra manna. Varðandi óskólagengna afleysingamenn þá er það mín skoðun að meðan þeirra er þörf



Óskar á heim tíma þegar hann var formaður LR.

vegna skorts á skólagengnu fólki þá eigi þeir eins og héraðslögreglumenn, aðeins að vera til aðstoðar.“

Hvernig er aðstaða og búnaður. Sérðu fram á að þurfa að vinna að miklum breytingum, heldurðu að fjölskyldutengslin við tækja- og búnaðarstjórn eigi eftir að koma að gagni.

„Aðstaðan er ágæt, hér hjá embættinu eru þrjár lögreglustöðvar, á Egilsstöðum, á Seyðisfirði og Vopnafirði, fyrirgefðu fjórar ég má ekki gleyma Kárahnjúka „stöðinni“. Það eru fjórar lögreglubifreiðar, ný SantaFe sem kom í sumar, nýr jeppi er á leiðinni og síðan er önnur nýleg SantaFe bifreið og Patrol jeppi sem verður á Vopnafirði. Það er ljóst að það verða nokkrar breytingar hér hjá embættinu þó ekki sé nema vegna þess að hér er kominn yfirlögregluþjónn sem ekki hefur verið áður.“

Varðandi búnaðinn sýnist mér að þar þurfi að bæta úr. Varðandi fjölskyldutengslin við tækja- og búnaðarstjórn og gagnsemi þess er því til að svara að ég er viss um að ég fæ sömu þjónustuna hjá honum og aðrir.“



Óskar sagði að hann fengi vonandi sömu þjónustu og aðrir hjá tækja- og búnaðarstjórnunum. Hér er nýji bíllinn sem hann var að fá.

Hvað með fjölda lögreglumanna, þarf að fjölga þeim á þínu svæði. Hvað ertu með af mannskap og hvernig skiptist hann.

„Hér hjá embættinu eru 8 lögreglumenn, auk mín, rannsóknarlögreglumaður, þrjú varðstjórar og 3 lögreglumenn. Á Vopnafirði starfar einn varðstjórinn en hér á Egilsstöðum eru tvær vaktir með sitthvorum varðstjóranum og hefur annar þeirra með sér einn lögreglumann en hinn tvo. Frá Egilsstöðum er löggæslu á Seyðisfirði sinnt. Mér sýnist í fljótu bragði að það þyrfti a.m.k. einn lögreglumann til þannig að það væru hér á Egilsstöðum tvær, þriggja manna vaktir.“

Hvernig var þér tekið af heimamönnum.

„Mjög vel, það er ekkert annað um það að segja.“

Nú var þér skellt inn áður en skipun tók gildi og þurftir að fara að stjórnna „fríðargæslu“. Þetta var nú ekki alveg róleg byrjun. Síðan tók við alvarlegt umferðarslys og banaslys þar sem tveir erlendir ferðamenn létust. Þú hefur nú ekki verið alveg tilbúinn í þetta í fyrstu.

„Það er rétt, þetta byrjaði með látum og satt best að segja voru þetta gífurleg viðbrögð. Þetta var ekki alveg það sem ég átti von á en nú er farið að róast og ég búinn að taka út mína eldskírni.“

Þú hefur alla tíð verið í lögreglunni í Reykjavík, með smá undantekningum þó. Þar er allt deildarskipt og stundum hafa störf lögreglumanna þar snúist um að koma þessu á einhverja aðra deild. Nú er ekki því að skipta hjá þér.

„Eins og þú þekkir sjálfur er það þannig í „sveitinni“ að þar ganga menn til þeirra verka sem liggja fyrir hverju sinni og sinna þeim, verkunum verður ekki komið annað.“

Hvað með okkur Bjartmarz „klíkumenn“, hvað eigum við að gera þegar þú ert farinn svona langt frá okkur.

„Bjartmarz „klíkan“ er ein af



Hér er Óskar í góðum hópi annarra landsbyggðarmanna.

þínum hugarsmíðum Guðmundur. Ég hef reyndar ekki hugmynd um hverjir eru í henni ef það eru þá nokkur nema kannski þú. Og þú heldur bara áfram að vera í sambandi við mig eins og áður.“

Þegar þú lítur yfir farinn veg hjá LL hvað ertu ánægðastur með að hafa náð í gegn og hverju hefðir þú viljað ná í gegn en er ekki orðið.

„Þessi rúmu þrjú ár sem ég var formaður eru tvö atriði helst sem ber að nefna, þ.e. breytingar á uppbyggingu og lögum LL ásamt nýja kjarasamningnum. Þá vil ég einnig nefna þá breytingu sem gerð var á skrifstofunni að ráða utanaðkomandi aðila sem framkvæmdastjóra. Sú breyting var af hinu góða og í dag höfum við mjög góðan mann í stöðunni sem ég bind miklar vonir við. Ég hefði gjarnar viljað ná fram frekari lækun á eftirlaunaaldri en það var kannski borin von eftir að hafa náð fyrsta áfanga í kjarasamningunum 2001 eftir um 40 ára baráttu margra mætra forystumanna LL.“

Hvað með LR-FÍR togstreituna. Heldurðu að hún sé búin.

„Ég nefndi hér að framan breytingar á uppbyggingu og lögum LL sem ég held að hafi verið mikið framfaraskref. Að taka upp einstaklingsaðild að LL og skipta landinu upp í svæðisdeildir var hin eina rétta ákvörðun þegar til

fram tíðar er litið fyrir stéttarsamtök lögreglumanna. Þess vegna held ég að togstreita milli einstakra félaga sé úr sögunni en togstreita milli einstakra starfsheita innan lögreglunnar verður til áfram. Í framtíðinni takast menn á um hana á grundvelli mismunandi þarfa starfsheitanna en ekki á grundvelli einhvers annars.“

Hvað með nefndarsetu þína í nefndinni um breytingar á skipan lögreglunnar, hvernig ganga þau störf, breytist viðhorf þitt þar, ertu vanhæfur orðinn yfirlögregluþjónn á því svæði þar sem segja má að breytingar ættu að vera.

„Nefndastörfin ganga hægt en örugglega. Viðhorf mitt hefur ekkert breyst það er ennþá það sama, fækka og stækka lögreglumdæmin í landinu. Ég tel mig ekki orðin vanhæfan í málinu en það er ljóst að tillaga nefndarinnar gæti sett mína stöðu í uppnám en það verður tíminn að leiða í ljós.“

Viðtal þetta var tekið af ritstjóra blaðsins, Óskari er óskað vel-farnaðar í nýju starfi.

Sumarferð

Lífeyrisþegadeildar LL

Sumarferð lífeyrisþegadeildar LL var farin 29. júní sl. og var nú ákveðið að láta ferð um Reykjanesið verða að veruleika en þetta svæði hefur oft verið í umræðunni þegar ákveða hefur átt áfangastaði.

Það voru 64 ferðalangar sem lögðu af stað frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu og haldið var sem leið liggur um Vatnsleysuströndina og komið við í Vogunum sem er ört vaxandi byggð. Síðan var komið við í Sandgerði og ekið að Hvalsneskirkju en reyndar hafði ekki tekist að ná í kirkjuvörð til að opna hana fyrir okkur en samt áttum við þarna ágæta stund. Að því loknu var farið í Garðinn og gerður stans við Garðskagavita þar

sem Ásgeir Hjálmarsson, mikill áhugamaður um sögu þessa svæðis og safnari, tók á móti hópnum og opnaði vitann fyrir þá sem áhuga höfðu á að fara upp í hann og síðan opnaði hann nýja byggðasafnið fyrir okkur en það var opnað formlega helgina eftir að við vorum á ferð. Þetta mun verða mjög skemmtilegur viðkomustaður fyrir ferðamenn að njóta umhverfisins og einnig hefur verið opnaður veitingastaður þarna í safninu. Ásgeir á heiður skilið fyrir hið mikla starf sem hann hefur unnið til að laða ferðamenn á staðinn.

Um hádegisbil snæddum við léttan hádegisverð í Kaffi Dúus í Keflavík. Árni Sigfússon bæjarstjóri Reykjanesbæjar kom og heilsaði upp á hópinn og bauð

okkur velkomin á svæðið og fór nokkrum orðum um hvað Reykjanesbær er að gera og hefur upp á að bjóða, auk sögulegra frásagna. Síðan var haldið í Hafnir og áfram að gjánni sem skilur álfurnar. Skruppu menn yfir brúna yfir til Ameríku og var áberandi með suma að þeir töluðu með hreim þegar þeir komu til baka. Farið var að Reykjanesvita og gerður þar nokkur stans og var þar sjónarspil hafs og landslags stórkostlegt. Þá var komið við í Saltfisksetrinu í Grindavík sem er mjög skemmtilegt að skoða, uppsetningin er sérstaklega vel gerð og lifandi. Stuttur stans var í Herdísarvík áður en ekið var sem leið liggur að Strandakirkju og aðeins rétt úr sér þar. Í Básnum í Ölfusinu beið okkar indælis kvöldverð-



Við Reykjanesvita.

ur, fram borinn af þjónustufólki uppfærðu í víkingaklæðum og áttum við þar góða stund.

Ég verð að geta þess að veðrið lék við okkur eins og endranær, sól og hlý gola nánast allan daginn þrátt fyrir að veðurspáin hefði verið rigning.

Tómasi okkar Einarssyni fírst fararstjórnin vel eins og mörg undanfarin ár og er honum þökk-uð einstök liðlegheit og leiðsögn í gegnum tíðina. Formaður ferðanefndar, Gunnar Jónsson, gat ekki verið með okkur vegna heilsu-brests og var hans sárt saknað en Sigurður Þórhallsson varaformaður ferðanefndar var okkur til aðstoðar í hans stað.

Það voru ánægðir ferðalangar sem kvöddust við lögreglustöðina um kl. 21:00 um kvöldið.

Stefanía Vigfúsdóttir



Hópurinn kominn til Ameríku



Axel Kvaran, Borgþór Þórhallsson, Tómas Einarsson og Rúnar Guðmundsson fyrir utan Duus hús



Bjarki Elíasson og Guðmundur Jóhannsson í góðum félagsskap.

Svavar G. Svavarsson

Hlutastarf í veikindum og mikilvægi þess



Ég útskrifaðist sem lögreglumaður árið 2001. Lengst af hef ég starfað hjá lögreglunni í Reykjavík, ómenntaður og menntaður, en einnig um stund hjá lögreglunni í Kópavogi og á fjarskiptamiðstöð RLS. Þegar þetta er skrifað, í ágúst 2005, á ég í erfiðri baráttu við krabbamein. Meðan á þessari baráttu hefur staðið hef ég notið mikils stuðnings fjölskyldu minnar, vina, lögreglunnar og margra annarra.

Ég vil nota tækifærið og þakka ykkur öllum fyrir þá aðstoð sem ég hef fengið. Því miður get ég ekki nefnt ykkur öll með nafni því það yrði of langur listi. Meðan á veikindunum hefur staðið hef ég unnið hlutastarf hjá lögreglunni í Reykjavík en þangað var ég ráðinn eftir að ég greindist með krabbamein. Hér fylgir saga mín að hluta en hún er skrifuð til þess að sýna hvernig frumkvæði yfirmanna, vinátta starfsmanna og rétt starf getur haft jákvæð áhrif á líf fólks.

Fyrir rúmu ári, í ágúst 2004, var ég starfandi við sumarafleysingar á fjarskiptamiðstöð ríkislög- reglustjóra (FML). Ég var í sumarfrí frá námi í afbrotafraeði við Jacksonville State University og vegna mikillar vinnu leit út fyrir að ég færi létt með að greiða skólagjöld næsta árs. Ég var því nokkuð ánægður með lífið og tilveruna. Ég hafði reyndar, allt frá því að ég kom heim frá Bandaríkjunum og þó nokkru áður, fundið til óþæginda í hægri síðu. Ég hafði leitað mér læknishjálpar

í byrjun sumars og lifði meira á parkóðini og íbúfeni en mat um mitt sumarið. Smám saman eftir rannsóknir og bið eftir niðurstöðum fékk ég þær erfiðu fréttir í byrjun ágúst að ég væri með krabbamein við lifrarrótina.

Það var ljóst á þeirri stundu sem við fengum fréttirnar að erfitt væri að eiga við þetta krabbamein. Annaðhvort yrði að skera stóran hluta úr lifrinni, ef meinið væri þannig staðsett og þá hugsanlega læknanlegt, eða þá að ekki yrði hægt að skera. Lyfjameðferð yrði þá beitt til að bæta lífsgæði mín og heilsu þangað til æxlin tækju á endanum yfir. Að sjálf-sögðu lifðu menn í voninni og ég var drifinn í kviðspeglun til að meta lifrina fyrir skurðaðgerð. Þá kom strax í ljós að skurðaðgerð var ekki möguleiki.

Ég get ekki lýst því hvernig tilfinning það er að fá svona fréttir. Ég hafði haft heiminn að fótum mér áður en ég greindist en í einni svipan hafði öllu verið kippt í burt. Ég var ekki lengur nemi, starfstímanum hjá RLS var að



Greinarhöfundur ásamt Kristjáni Helga Þráinssyni.

ljúka og nýtt hlutverk var að vera sjúklingur á spítala og fara í lyfjameðferðir til að fresta hinu óumflýjanlega. Séra Kjartan sjúkrahús- og lögregluprestur kynnti sig fljótlega fyrir mér og fjölskyldan kom öll saman til að sýna hvort öðru stuðning og til að biðja fyrir því besta. Það voru erfiðir tímar sem fóru í hönd næstu fjórar til sex vikurnar. Þótt margt góðra manna hafi komið og heimsótt mig reglulega varð ég svo upptekinn af veikindunum að ég hafði ekki samband við neinn til að ganga frá starfslokum, reikningum eða öðru.

Mér varð hins vegar fljótt ljóst að ég hafði vanmetið fólkið sem ég hafði á bak við mig. Félagar mínir úr lögreglunni langt aftur í tímann komu í heimsóknir og héldu áfram að koma þrátt fyrir langan tíma á spítala, sumir næstum á hverjum degi. Fjölskyldan tók að sér alla tilkynningaskyldu og útskýrði veikindi mín fyrir þeim sem þurftu að vita. Án þess að ég vissi af gekk Jónína, aðstoðaryfirlögslupjónn á FML, frá starfslokum mínum að loknum samningi og ljóst að þar var rétt við mig gert. Hún gerði líka annað í samráði við yfirmenn lögreglunnar í Reykjavík og það var að finna fyrir mig hlutastarf sem ég gæti sinnt ef ég kæmist aftur á ról. Þetta var ekki hugsað sem eitthvað gefins fyrir mig heldur leið til að nýta starfskrafta mína eins og þeir yrðu hverju sinni.

Ég gleymi því seint eftir að hafa verið nærri sex vikur á sjúkrahúsi, og gengið í gegnum ótal rannsóknir og aðgerðir, hvað það var upplífandi að ganga inn á skrifstofu til Guðmundar M., starfsmannastjóra í Reykjavík. Um leið og ég birtist í dyrunum spratt Guðmundur upp úr stólnum og sagði eitthvað á þessa leið: „Nei, blessaður, ég var einmitt að vona að þú myndir koma, ég þarf nefnilega á þér að halda til að aðstoða við innbrotaverkefnið. Hinrik Pálsson sem sér um það er nefnilega að fara í frí í smá tíma og okkur vantar einhvern til að aðstoða hann.“ Þetta voru sannarlega skemmtileg viðbrögð og langt frá því að mér fyndist ég

vera að þiggja einhverja ölmusu. Ég tók starfinu og ég held að það hafi haft gífurleg áhrif á líf mitt upp frá því.

Ég bjóst svo sem aldrei við að lifa svona lengi en eftir að ég losnaði af spítalanum og varð nógu hress til að fá lyfjameðferð fór að myndast tími þar sem mér leið hreint alveg ágætlega. Stundum var ég frá í viku eða svo, ælandi og vælandi heima hjá mér, en þess á milli var ég hvorki meira né minna en lögreglumaður, ekki krabbameinssjúklingur og öryrki sem sat heima og gerði ekki neitt. Ég hef alltaf verið stoltur af því sem ég hef gert innan lögreglunnar og þessi vinna jók lífskraft minn og baráttuþrek til muna. Það var ekki síst fyrir þá staðreynd að ég fékk að umgangast féлага mína í vinnunni sem jafningja. Ég fann einnig mikinn hlýhug frá samstarfsmönnum mínum og vissi að þarna yrði ég aldrei einn á báti. Það bakland sem ég hef átt hjá lögreglunni hefur verið mér ómetanlegt hvort sem um var að ræða yfirmenn eða aðra féлага á vöktum og rannsóknardeildum. Mórallinn sem ég skynjaði á vinnustaðnum varð hreinlega orkumiðstöð fyrir sálina og athvarf frá öllu öðru.

Á stundum, síðasta haust, náði ég að skila rúmlega 100% vinnu en öðrum stundum, þegar líða tók á vorið, náði ég ekki að mæta svo vikum skipti. Ég reyndi þó alltaf að vera í sambandi við það sem var að gerast og öðru hverju gat ég lokið við eitt eða tvö verkefni heima. Kristján Helgi Þráinsson, sem varð yfirmaður innbrotaverkefnisins, hafði oft samband við mig þegar ég var veikur heima og ræddi við mig um það sem var í gangi. Ég fann hvernig ég hresstist strax og alls konar kenningar og hugmyndir flugu okkar á milli. Svona gátu einfaldir hlutir haft áhrif á tilveruna en það var mikilvægt þegar líða tók á sumarið og ég var orðinn mjög slappur.

En hver er svo tilgangur þessarar löngu sögu? Jú, helst er það þakklæti til ykkar allra sem komuð að hitta mig þegar ég lá inni á sjúkrahúsi, eða ykkar sem tókuð í höndina á mér eða föðmuðuð mig

þegar ég kom aftur á vinnustaðinn. Yfirmenn lögreglunnar í Reykjavík sem komu að því að ráða mig og Jónína, aðstoðaryfirlögslupjónn á FML, eiga svo sannarlega skilið að fá sérstakar þakkir fyrir að gefa mér tækifæri á að komast aftur til vinnu. Kannski eru fleiri sem komu að máli án minnar vitneskju og færi ég þeim mínar bestu þakkir. Ég held að með aðgerðum sínum hafi þau sýnt lögreglumönnum almennt að lögreglan stendur á bak við sína. Þegar eitthvað kemur fyrir þá verðum við ekki bara útskýfuð frá vinnu, einhver tala í kerfinu, eða svipt hluta af persónu okkar. Þetta er öllum lögreglumönnum til bóta og öðrum yfirmönnum til fyrirmyndar. Að sjálf-sögðu dregur ríkið hluta af launum mínum frá einhverjum bótum sem ég fæ en það að fá að mæta í vinnuna er miklu mikilvægara en tímakaupið sem ég fæ á meðan ég er þar. Launin voru því ekki aðalatriðið heldur fór ég til að hitta fólkið, til að borða með því í mötuneytinu, til að vinna að athyglisverðum verkefnum, til að komast út og til að hitta vini mína.

Ég hef mörg hlutverk í dag, ég er sonur, bróðir, frændi, vinur, sjúklingur, öryrki og ég er lögreglumaður. Ég vona náttúrulega að sem fæstir lendi í svipaðri aðstöðu og ég í framtíðinni en ég óska þess að yfirmenn hafi sögu mína í huga þegar þeir þurfa að taka ákvarðanir vegna ráðningar starfsmanna með skerta starfsorku. Hvað vill starfsmaðurinn gera? Er hægt að finna stöðu sem hentar? Getur starfsmaðurinn tekið hlutastarf í staðinn fyrir fullt starf o.s.frv? Ég vona að þessar spurningar og miklu fleiri leiti í gegnum huga yfirmanna með það að markmiði að leysa þau vandamál sem fyrir hendi eru. Þannig er hægt að færa fólki með skerta starfsorku meiri lífsgleði og virðingu fyrir sjálfu sér með því einfaldlega að gefa þeim tækifæri til að nýta hæfileika sína til vinnu.

*Með bestu kveðju,
Svavar G. Svavarsson
(Til RÖS-9716: Takk fyrir að vera sannur vinur og vinnufélagi)*

Eiríkur Hreinn Helgason

Hugleiðing, kjarasamningur og menntunarmál

NÝR YFIRLÖGREGLUÞJÓNN SKIPAÐUR - ÞAKKIR TIL ÓSKARS BJARTMARZ

Það hefur verið mikið lán fyrir lögregluna að fá að njóta óeigingjarns vinnuframlags Óskars Bjartmarz í forystuliði Landssambands lögreglumanna nú um mörg ár. Eins og fram hefur komið var Óskar nú nýlega skipaður yfirlögreluþjónn hjá lögreglustjóranum á Seyðisfirði frá og með 1. ágúst s.l.

Það er sérstaklega ánægjulegt að lögreglumadur, sem skipað hefur sér í fremstu röð í stéttar- og kjarabaráttu, skuli komast í æðstu stjórnunarstöðu lögreglumanns í lögreglu ríkisins. Þeirri skoðun hefur verið haldið á lofti innan lögreglunnar að afskipti af stéttarpólitík eða félagsmálum geri nánast útaf við möguleika manna við að sækja um stjórnunarstöður eða æðri stöður. Skipun Óskars í stöðu yfirlögreluþjóns sýnir, svo ekki verður um villst, að svo er ekki. Það er mikil viðurkenning fyrir þá sem vinna með óeigingjörnum hætti félagsmál fyrir heildina að þetta komi í ljós. Þetta gefur okkur, sem erum í efri stjórnunarstöðum í lögreglunni, og höfum áhuga á félagsmálum, einnig vonir um að geta komist til áhrifa innan stéttarfélags okkar en fram til þessa hefur slíkt ekki verið áberandi.

Ég er ekki í vafa um að Óskar er vel að starfinu kominn og að málefnaleg sjónarmið hafi ráðið valinu í stöðuna sem ég veit að hann veldur vel.

En þetta átti ekki að verða minningargrein um Óskar Bjartmarz - hann er ekki farinn nema rétt austur fyrir Kárahnjúka þar sem bíða hans og félaga hans ögrandi verkefni við friðargæslu á íslenskri grund.

GÓÐUR ÁRANGUR Í KJARASAMNINGUM - MENNTUN STARFANDI LÖGREGLUMANNA

Í grein sem ég skrifaði í þriðja tölublað Lögreglumannsins árið 2004 fjallaði ég undir fyrirsögninni: Að laga sig að breytingum um atriði sem mér þóttu athugasemjaverð en vakti jafnframt athygli á því þar sem mér fannst vera sóknarfæri í kjarasamningaviðræðunum sem þá voru framundan. Nú er komið í ljós að fleiri fengu sömu hugmyndir og ég um nauðsyn þess að horfa meira til menntunar starfandi lögreglumanna. Eins og lesendum er kunnug var m.a. skrifað undir það í kjarasamningi fjármálaráðherra og LL að koma á fót sérstökum menntunarsjóði, fræðslu- og starfsþróunarsjóði lögreglumanna. Auk þess var opnað fyrir það að lögreglumenn geti fengið launuð námsleyfi skv. nánara samkomulagi við lögreglustjóra.

Ég get ekki annað en glaðst yfir því að þessi atriði, sem ég fjallaði um í áður nefndri grein, skyldu rata í kjarasamningana. Ef vel tekst til þá munum við sjá að þau skipta verulegu máli fyrir menntun lögreglumanna á næstu árum, og þar með árangri lögreglunnar, sem aftur skilar sér í betri launakjörum og starfsumhverfi fyrir lögreglumenn og vonandi áframhaldandi góðum stuðningi almennings og yfirvalda við hana!

Búast má við að gerðar verði auknar kröfur til framhaldsdeildar Lögregluskólans nú þegar kominn er á laggimar n.k. jöfnunarsjóður sem gerir lögreglumönnum auðveldara að sækja námskeið í skólann og embættunum auðveldara að senda þá á þau. Eftir því sem ég hef fregnað er þessa dagana verið

að skipa í stjórn sjóðsins og hennar bíður það verkefni að semja starfsreglur og móta stefnu. Af þeirri góðu reynslu sem Lögregluskólinn hefur af því að starfa með, bæði LL og embættismönnum dómsmálaráðuneytisins, er ég ekki í vafa um að stjórn sjóðsins mun leita samráðs við Lögregluskólann um ýmsa þætti í þessu nýja umhverfi.

Framundan eru spennandi tímur í lögreglunni, m.a. í framhaldsdeild Lögregluskólans, en þangað hljóta nú að fara að berast óskir og kröfur um margar gerðir námskeiða fyrir lögreglumenn af öllum starfsstigum og það á sama tíma og aðrar starfsstéttir innan lögreglunnar eru farnar að knýja á um að fá aðgang að ýmsum námskeiðum sem að mínu mati er mjög jákvæð þróun.

Ég hef oft rætt það, bæði á námskeiðum í Lögregluskólanum og annars staðar þar sem ég hef getað komið þeim sjónarmiðum mínum á framfæri að mér finnst mikið skorta á að lögreglumenn og lögreglustjórar ræði hugmyndir / óskir um menntunarframboð í framhaldsdeild skv. þeirra eigin þarfagreiningu. Á þessu eru sem betur fer undantekningar og skólinn á sér marga hollvini hjá lögregluembættunum vítt og breitt um landið sem koma á framfæri óskum og hugmyndum en að mínu mati hafa lögreglumenn og aðrir viðskiptavinir skólans ekki verið nægilega duglegir að orða við okkur stjórnendur í skólanum hugmyndir í þessum efnum. Sjálfur er ég ekki í vafa um að þetta er víða rætt innan lögreglunnar. Hvað vilja lögreglumenn t.d. að sé kennt á SÍM-námskeiðum? Hvað vilja lögreglustjórar að við fjöllum um á SÍM-námskeiðum? Hvaða sér-

námskeið á að halda í skólanum og hvernig eiga þau að vera? Hvað á að kenna í stjórnunarnámi -hverjar eiga áherslurnar að vera þar?

Vissulega er það ánægjulegt að okkur sem í skólanum störfum skuli treyst til að ákveða alla þessi þætti, hvernig námskeið eru skipulögð og um hvaða atriði halda eigi námskeið en ég hef ekki legið á þeirri skoðun minni að það hljóti aðrir að vera jafn vel eða betur til þess fallnir og ég og við í Lögregluskólanum að koma með hugmyndir um hvert beina eigi áherslum og þar með fjárfestingum í aukinni þekkingu innan lögreglunnar og þar á ég við þá sem starfa við löggæsluna. Nokkrum sinnum hefur það gerst að yfirvöld hafa beint til okkar óskum að halda sérstök námskeið og ágætt samstarf hefur verið við t.d. RLS þar sem skólinn hefur verið vettvangur námskeiðahalds í samvinnu embættanna eða LR (t.d. bifhjólánámskeið, námskeið um leit eða námskeið um notkun tiltekinnna löggæslutækja) og er það vel. Það má að mínu viti þó gera betur í þessum málum og koma fleiri ábendingum á framfæri við skólann. Kannski er það sem ég er að reyna að koma á framfæri með þessum línum það að það skortir stefnumótun í þessum málum en þeir sem eiga að hafa mest áhrif á hana eru að mínu mati þeir sem stjórna og þeir sem framkvæma. Semsagt ágætu lögreglumenn og lögreglustjórar nær og fjær: Verið óhræddir við að koma á framfæri við Lögregluskólann hugmyndum ykkar um námskeið sem ástæða eða nauðsyn kann að vera að halda í framhaldsdeild að ykkar mati. Rökstuddar tillögur ykkar eru vel þegnar.

ÓFAGLÆRÐIR HANDHAFAR LÖGREGLUVALDS - TÍMASKEKKJA

Það velkist enginn í vafa um að lögreglustarfið er vandasamt og kallar á að þeir sem því sinna séu starfi sínu vaxnir, vel menntaðir í grunninn og fái þá sérmenntun og símenntun sem nauðsynleg er. Þetta endurspeglast n.a. í kjarasamningunum sem vitnað var til fyrir í greininni. Á sama tíma látum við lögreglumenn það líðast að ófaglærðir sinni lögreglustörfum,

jafnvel einir og óstuddir eins og fjöldi dæma sannar. Jafnvel eru á sama tíma brotin fyrirmæli ríkislögreglustjóra um t.d. stjórnun hraðamælingatækja.

Það er kannski rangt að skella skuldinni á starfsstéttina og segja að hún láti þetta líðast. Ábyrgðin er hjá alþingi Íslendinga sem samþykkti núverandi lögreglulög og síðan breytingar á þeim, sem heimila að ófaglærðir séu handhafar lögregluvalds.

Það felst að mínu mati í þessu óþolandi þversögn að þetta gerist. Á sama tíma virðast allir vera sammála um að Lögregluskólinn eigi að útskrifa góða, vel menntaða og færa lögreglumenn. Viðhorfskannarnir hjá nemendum sýna svo ekki verður um villst að þeir telja námið gott og mætti í grunninn vera lengra. Veruleg ásókn er í flest námskeið sem framhaldsdeild skólans býður uppá þar sem námið heldur í raun áfram með sérhæfingu og upprifjun. Á sama tíma er það látið átölulaust og þykir í raun sjálfsgagt, að ófaglært fólk sinni lögreglustörfum með allri þeirri ábyrgð sem því fylgir.

Það kann að vera að það sé hægt að rökstyðja það að hafa óskólagenginn handhafa lögregluvalds einhvers staðar sem aðstoðarmann sem er þá undir styrkri stjórn lögreglumanns en með tilliti til þess að starfið er flókið og að kröfur þjóðfélagsins eru miklar til lögreglunnar þá sér hver maður að það er ekki heil brú í því að láta óskólagengið fólk bera ábyrgð á löggæslunni á stórum svæðum landsins meðan sumarleyfin standa yfir og jafnvel á öðrum tímum einnig.

Þetta er, eftir því sem ég best veit, séríslenskt fyrirbrigði. Nágrannaþjóðir okkar hafa ekki það hugmyndaflug að setja ómenntað fólk í lögreglubúning og senda það til löggæslustarfa né heldur þekkist þetta í öðrum starfsstéttum hér á landi þar sem kraftir er sérhæfðra og góðra vinnubragða. Lögreglustarfið er ekki sambærilegt við afgreiðslustarf í Bónus eða í Nóatúni þar sem hægt er að stilla skólafólki upp við kassann eða til að raða í hillurnar. Löggæslustarfið er háþróað og sérhæft, krefst þjálfunar,

náms og sérstakra eiginleika þeirra sem því sinna - og þar að auki hafa þeir sem því sinna vald sem engin önnur starfsstétt hefur. Það eitt og sér ætti að hringja viðvörunarbjöllum hjá ýmsum sem láta sig réttindi almennings varða.

Lögregluskólinn hefur frá því ákveðið var að reyna að hraða lögreglunámi og með það að meginmarkmiði að „eyða“ afleysingamönnum árið 2000 útskrifað um 250 lögreglumenn og eftir því sem næst verður komist eru flestir þeirra við störf þannig að vissulega hefur afleysingamönnum fækkað en þeir eru ennþá staðreynd - því miður. Ég vil sérstaklega taka það fram, að ég hef alls ekki horn í síðu þess ágæta fólks sem sinnir þessu vandasama starfi að vera afleysingalögreglumenn án þess að læra til starfsins fyrst - það er ekki alltaf öfundsvort af sínu hlutskipti. Sumir þessara einstaklinga sækjast, eftir þessi kynni af starfinu, eftir að komast til náms í Lögregluskólanum og verða síðan fullgildir lögreglumenn. Nú árið 2005 hlýtur að vera hægt að leysa málefni lögreglunnar með öðrum hætti en ráða þá til starfa sem aldrei hafa í lögregluskóla komið. Þetta er að mínu mati næsta stóra baráttumál Landssambands lögreglumanna.

Hvernig er hægt að leysa vandamálið? Svarið liggur að mínu viti að hluta til í skipulagningu og innri uppbyggingu lög-

Ítarefni.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti Ríkislögreglustjóra voru 14 afleysingamenn við störf þann 1. febrúar s.l. Á sama tíma árið 2004 voru þeir 2, árið 2003 voru þeir 19 en árið 2002 voru þeir 63. Ein af ástæðum fyrir því að afleysingamönnum fjölgaði frá 2004 til 2005 var fjölgun sersveitarmanna en við þá fjölgun var skortur aftur á menntuðum lögreglumönnum. Sumarið 2005, þ.e. staðan 18. ágúst var sú að 71 afleysingamaður var við störf.

Samantekt: Ritstjórnin.

reglunnar og að hluta til í viðhorfum sem ríkja til starfsins sums staðar. Skipulagning lögreglunnar, sem vonandi stendur til að breyta á allra næstu misserum, stendur framþróun fyrir þrifum að þessu leyti. Ef lögreglan samanstæði af stærri einingum eða væri jafnvel bara“ Lögreglan á Íslandi“, með einni yfirstjórn, væri auðveldara að skipuleggja sumarleyfi og afleysingar - færa menn milli á álagstímum og sinna löggæslunni af fagmönnum. Þetta krefst auðvitað stjórnunar, m.a. virkrar starfsmannastjórnunar, sem er sérstakt fag sem kennt er m.a. í stjórnunarnámi LSR. Þessir framangreindu þættir snúa að skipulagningu en viðhorfin þurfa líka að breytast til að unnt sé að „eyða“ ófaglærðum afleysingamönnum. Það þarf að koma því rækilega til skila til yfirvalda að hinn almenni skattgreiðandi eigi rétt á samskonar þjónustu lögreglunnar yfir orlofsmánuðina eins og aðra mánuði ársins. Að það þurfi t.d. ekki að koma niður á gæðum löggæslunnar hvar á landinu það á sér stað sem til rannsóknar eða meðferðar er hjá lögreglunni. Allir sitji við sama borð allsstaðar. Vafalaust má með lagni heimfæra þessa hugsun undir jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Viðhorfsbreytingin þarf að verða á öllum stigum innan lögreglunnar, allt frá almennum lögreglumönnum og upp til æðstu manna í dómsmálaráðuneytinu með viðkomu í ríkislögreglustjóraembættinu.

Þessum skrifum mínum má safna saman í eftirfarandi niðurstöðu: Ef lögreglan, sem stofnun, lætur það líðast að ófaglærðir einstaklingar sinni lögreglustarfinu sem handhafar lögregluvalds geta lögreglumenn ekki ætlast til að kröfur þeirra um bætt kjör, aukna

menntun og fleira sé tekið alvarlega (lögreglumenn verða að komast á eftirlaun 65 ára og jafnvel 63 ára vegna þess hversu starfið er erfitt - samt geta ófaglærðir sinnt því??). Ef einhver er talinn geta sinnt starfinu án þess að ljúka lögreglunáminu getum við farið að endurskoða tilveru Lögregluskólans og hugað að því að nýta fjárveitingu hans í annað! Hvenær vegur þessi staðreynd að virðingu lögreglunnar hjá almenningi?

Niðurlag:

Rétt í lokin. Sá sem þetta ritar hóf sjálfur starf sem afleysingamaður (sumarmaður var það víst kallað þá eða „sumrungur“) hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík þann 26. maí 1975. Starfið hófst á því að sitja námskeið í um eina viku og síðan var ég settur til starfa á miðborgarstöðinni Þetta var góður skóli, fróðleg reynsla en rétt er að taka það fram að umhverfi löggæslunnar og þjóðfélagsins almennt fyrir 30 árum var auðvitað með allt öðrum hætti þá og nú! Frá og með fyrsta degi var það alveg á hreinu hvert verksvið mitt var, þ.e. hvað ég mátti gera og hvað ekki. Ég mátti ekki keyra lögreglubílinn nema til að sækja menn á morgunvakt og ég var ekki látinn vera einn að vinna eða með öðrum afleysingamanni nema við göngueftirlit sem þá var stundað af miklu kappi flesta daga og fram á nótt. Þess var almennt gætt að við værum undir öruggri handleiðslu og stjórn eldri og reyndari manna.

Engu að síður gerðist það einu sinni fyrir einhverja tilviljun að ég og annar afleysingamaður, vorum staddir á lögreglubílnum (held að við höfum verið sendir upp á aðalstöð að sækja vistir) og á okkar leið varð bíll sem þurfti að kanna

með og í ljós kom að ökumaður var ölvaður og eitthvað var nú fleira athugavert. Málið leystist farsælega, við kunnum þó það mikið til lögreglustarfa að við gátum komið í veg fyrir sakarspjöll og ég ritaði skýrslu sem á þeim árum hófst einhvern veginn á þessa leið: Á ofangreindum tíma var undirritaður á ferð ásamt lögreglumanni nr. 222 (númerakerfið var öðruvísi þá gott fólk en þetta þýðir á nútímamáli H-1000 eða þar um bil) þegar við veittum athygli bifreiðinnio.s.frv.

Undir skýrsluna ritaði svo lögreglumaður nr. 224 sem var ég sjálfur. Málið fór ágætlega minnr mig og ekki urðu eftirmálar af þessari lögregluáðgerð. Hins vegar sá ég nokkru síðar ljósrit skýrslunnar á borði varðstjóra með áfestum miða. Guðmundur Hermannsson, þá aðstoðaryfirlögregluþjónn (sem las allar skýrslur embættisins yfir og gerði stíft athugasemdir við innihald og verklag- gæðastjóri væri trúlega starfsheitið hans í dag!) hafði skrifað athugasemdir á miðann með sinni fögru rithönd: „Hvað voru lögreglumenn nr. 222 og 224 að gera saman tveir einir á lögreglubíli?“ Spurningunni var beint til varðstjórans sem var á vaktinni umrætt sinn en ekki til okkar! Athugasemdir sínar endaði Guðmundur síðan á hefðbundinn hátt: Með vinsemd og virðingu! en þannig kom hann athugasemdum sínum ávallt á framfæri.

Á sama hátt og Guðmundur endaði sínar ábendingar enda ég þessi skrif: Með vinsemd og virðingu.

*Eiríkur Hreinn Helgason
yfirlögregluþjónn deildarstjóri
framhaldsdeildar LSR*

Ítarefni.

Vegna greinarskrifa Eiríks Hreins var leitað eftir viðhorfum nokkurra aðila. Dómsmálaráðherra, formanns yfirlögregluþjóna, formanns sýslumanna, formanns LL, reyndst afleysingamanns og loks nokkurra sýslumanna og yfirlögregluþjóna á suðvesturhorninu. Ekki var leitað eftir afstöðu stjórnenda lögreglunnar í Reykjavík. Enginn sýslumanna né heldur yfirlögregluþjóna á suðvesturhorninu, nema sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli sá sér fært að svara pósti um málið. Dómsmálaráðherra, formaður yfirlögregluþjóna og yfirlögregluþjónn sviðs 3 hjá RLS töldu ekki ástæðu til að láta hafa neitt eftir sér um málið, þeir væri efnislega sammála um megininnihaldið. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli gat ekki vegna anna lokið svari en sagði að hann væri líklega mest háður afleysingamönnum eins og staðan er.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir og Önundur Jónsson

Afleysinga- og héraðslögreglumenn - fleiri sjónarmið

Taka má undir flest það sem Eiríkur Hreinn, yfirlög- regluþjónn í Lögregluskól- anum, segir í grein sinni hér að framan. Þekking og fagmennska eiga að vera lykilatriði í löggæsl- unni og fúsk á ekki að líðast. Hann færir góð rök fyrir því að útrýma eigi afleysingamönnum og héraðs- lögreglumönnum úr lögreglu. Það verður hins vegar ekki undan því vikist að ræða þetta málefni nánar og gera grein fyrir fleiri sjónar- miðum því tengdu.

Á undanförunum árum hefur verið hörgull á menntuðum lög- reglumönnum hérlandis, sérstak- lega til starfa á landsbyggðinni. Það er óhjákvæmilegt að fjölga menntuðum lögreglumönnum og gera ráðstafanir til að tryggja að starf og aðbúnaður lögreglumanna á landsbyggðinni séu til þess fallin að laða að menntaða og eftir atvik- um sérhæfða lögreglumenn.

Í þessu sambandi má benda á að lögreglulið á landsbyggðinni sitja ekki við sama borð og höfuð- borgarsvæðið þegar kemur að menntun, þar sem kostnaður við aukið nám er margfalt meiri og því þarf að leggja töluvert meira undir þegar stefna varðandi menntun lögreglunnar er mörkuð.

Afleysingar á sumarleyfistíma

Mest er þó um að afleysinga- og héraðslögreglumenn komi til starfa við embættin á sumarleyfis- tíma. Lögreglumenn eiga langt sumar- og einnig vetrarleyfi, sem þeir hafa unnið ötullega fyrir og eiga rétt á að nýta sumarleyfisrétt sinn á sumarmánuðum. Fróðlegt væri að vita hversu mörg ársverk þarf til afleysinga í sumar- og vetr- arorlofum lögreglumanna á lands- vísu, auk leyfis vegna hvíldartíma- ákvæða og veikindafjarveru og

mætti endurmeta raunþörf fyrir menntaða lögreglumenn meðal annars út frá því.

Reynt hefur verið að mæta þessu með því að lögreglumenn vítt og breitt um landið vinni í öðr- um umdæmum í sumarleyfi sínu og hlýtur það að vera skársti kost- urinn, þótt eflaust megi deila um heilsusemi þess, en heilsu og að- búnað lögreglumanna þarf að ræða miklu frekar og út frá víðara sam- hengi.

Þá má benda á að lögreglu- nemar sinna í mörgum tilvikum af- leysingastörfum í starfsnámi sínu, sem hlýtur að koma niður á gæð- um starfsnáms. Að okkar mati þarf að auðga starfsnám lögreglunema með því að hluti þess sé unninn á landsbyggðinni, þó þannig að namar njóti kennslu og leiðbein- ingar og séu ekki nýttir nær ein- göngu til afleysinga. Í þessu sam- bandi mætti hugsa sér, að umsjón- armenn starfsnáms fylgdu starfs- nemum í stutta dvöl til annarra embætta, sinntu þá afleysingum hjá viðkomandi embætti, þjálfuðu starfsnema og gætu jafnframt sinnt sérstökum verkefnum eða sam- ræmingarhlutverki.

Þangað til ...

Þangað til bætt hefur verið úr þörf fyrir menntaða lögreglumenn, er mikilvægt að vel sé búið að ómenntuðum lögreglumönnum, hvort sem það eru héraðslögreglu- menn, afleysingamenn eða þeir sem eru í starfsnámi. Brýnt er að öryggis þeirra sé gætt, að þeim sé kennt að þekkja takmörk sín og heimildir og að þeir hafi ávallt að- gang að sem bestum leiðbeining- um og þekkingu á sínum vinnu- stað.

Jafnframt mætti taka Breta til fyrirmyndar að þessu leyti sem

öðru og takmarka hlutverk afleys- inga- og héraðslögreglumanna. Bretar tóku fyrir fáuúm árum upp svokallaða PCSO starfsmenn (Police Community Support Officers) sem eru eins konar að- stoðarlögreglumenn. Hlutverk þeirra er allt annað en menntaðra lögreglumanna, þar sem þeir eiga að vera sýnilegir og ganga um göt- ur allt að 90% af sínum vinnutíma. Hlutverk þeirra er fyrst og fremst að aðstoða borgarana og sinna eft- irliti, en ekki að koma að flóknari aðgerðum sem felast í valdbeit- ingu eða átökum. Með þessu móti næst það markmið að menntaðir lögreglumenn geta sinnt störfum í samræmi við menntun sína og reynslu, en ekki síður mikilvægt markmið er að borgararnir séu í meiri tengslum við starfsmenn lögreglu. Frá því að PCSO starfs- mennirnir voru teknir inn í lög- regluna, hefur öryggiskennd al- mennings mælst hærrí en áður var og landssamband bresku lögregl- unnar hefur lýst yfir ánægju sinni með þetta fyrirkomulag. Með þessu móti mætti mæta ákveðinni löggæsluþörf en samtímis að leit- ast við að tryggja betur öryggi af- leysinga- og héraðslögreglu- manna.

Að lokum

Það skal að lokum tekið fram að við munum fagna allra manna mest þegar lögreglan okkar hefur á að skipa fagmenntuðum lögreglu- mönnum eingöngu og styðjum heils hugar þau markmið og þær skoðanir sem settar eru fram í er- indi Eiríks Hreins hér að framan og hvetjum Lögregluskólann áfram til góðra verka í þessu sam- bandi.

Höfundar eru lögreglustjóri og yfirlögregluþjónn á Ísafirði

Íþróttasamband Lögreglumanna

Landsmót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu

Þrítugasta landsmót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu var haldið í Stykkishólmi dagana 29. og 30. apríl sl. Ríkislögreglustjórinn var mótshaldari en naut aðstoðar lögreglunnar í Stykkishólmi við skipulagningu mótsins. Mótið fór í alla staði vel fram og almenn ánægja var meðal þátttakenda. Skemmt er frá því að segja að lið ríkislögreglustjóra vann mótið þriðja árið í röð. Til úrslita léku RLS og Akranes, leikurinn endaði 3 - 2 RLS í vil eftir framlengdan leik, en geta má þess að þetta er annað árið í röð sem þessi tvö lið keppa um sigursætið. RLS vill þakka öllum þátttakendum fyrir þátttökuna sem og þeim sem lögðu sitt af mörkum við undirbúning og framkvæmd mótsins.

Niðurstaða mótsins var eftirfarandi:



1. RLS
2. Akranes
3. Keflavík
4. Lögregluskólinn
5. Reykjavík A
6. Kópavogur

7. Keflavíkflugvöllur
8. Vesturland
9. Hafnarfjörður
10. Reykjavík B

Guðmundur Andrés Jónsson

Scandinavian Police Tour 2005: Norræna sakamálabókin

Í júní sl. stóð Dansk Politi Idrætsforbund, í samráði við Norrænu sakamálabókina, fyrir lengstu reiðhjólakeppni Skandinavíu/Scandinavian Police Tour 2005.

Á haustdögum 2004 ákvað stjórn ÍSL að kanna með þátttakendum fyrir Íslands hönd og í framhaldi af auglýsingu þess efnis var ákveðið að senda fjóra menn í keppnina. Þeir sem urðu fyrir valinu, eftir þrekpróf og stífar æfingar, voru þeir:

Árni Gunnar Gunnarsson frá RLS, Guðmundur Andrés Jónsson frá RLS, Guðmundur Ásgeirsson frá LR, Benedikt Lund frá LR.

Fyrir hönd ÍSL fór Arinbjörn Snorrason með sem fararstjóri og liðstjóri.

Við flugum til Kaupmannahafnar og sigldum með ferju til Óslóar, ásamt dönsku þátttakendum, þar sem keppnin hófst.

Keppendur voru ræstir frá Ekeberg Idrætscenter í Oslo kl.12:00 6. júní og eftir um 730 km lauk henni í Helsingør 9. júní.

Skipulagið gerði ráð fyrir að hjólaðir yrðu um 730 km á fjórum dögum, það er frá Ósló um Noreg, Svíþjóð og endað í Danmörku. Keppninni var skipt upp í sex áfanga og var einn þessara áfanga talinn sá stærsti á heimsvísu, eða um 250 km á einum degi.

Í stórum dráttum skiptist hlaupið þannig að hjólaðir voru ca. 530 km án stiga og svo hörð keppni þar sem sekúndur og stig skiptu máli, en þá var keppt í sprettum og brekkusprettum.

Þegar að hlaupinu kom höfðu ca. 280 aðilar skráð sig til keppninnar er samanstóð af ca. 56 liðum og klúbbum. Allar Norðurlandþjóðinar að undanskildum Finn-um tilkynntu þátttöku.

Keppnisreiðhjól:

Eftir faglegar ráðleggingar ákvað stjórn ÍSL að festa kaup á götu-hjólum af Jamis-gerð frá Útilífi í Kringlunni og að sögn okkar manna reyndust hjólin mjög vel.

Íþróttasamband Lögreglumanna

Skipulag og aðbúnaður:

Allt skipulag keppinnar, svo sem gisting og annar aðbúnaður, var til mikils sóma fyrir þá er sáu um keppnishaldið, en alls komu ca. 80 aðilar að undirbúningi og vinnu á meðan keppnin stóð.

Okkar menn:

Það er ekki hægt að segja annað en að okkar menn hafi staðið sig með miklum sóma þrátt fyrir óhapp er átti sér stað á öðrum degi keppinnar, en þá tognaði Benedikt Lund illa er hann féll í liða-keppni.

Við sem komum að þessari keppni viljum þakka Benedikt Lund sérstaklega fyrir hans hlut, en án hans áhuga, hvatningar og drifkrafts hefði líklega ekkert orðið úr þátttöku ÍSL í keppni þessari.

Eins og áður hefur komið fram var aðalstyrktaraðili danska lögregluíþróttasambandsins, vegna keppinnar, Norræna sakamálabókin. Er hér á ferðinni enn eitt dæmið um gildi bókarinnar fyrir íþróttastarf meðal norrænna lögreglumanna og hversu nauðsynlegt það er að lögreglumenn kaupi bókina.

ÍSL vill þakka Útilífi í Kringlunni fyrir stuðning og aðstoð vegna reiðhjólanna sem og Alberti Jakobssyni reiðhjólamanni fyrir aðstoð og ráðgjöf vegna undirbúnings keppenda.

Til gamans má geta þess að danski ríkislögreglustjórinn tók þátt í keppinni.

Úrslit o.fl. má skoða á vefslóðinni <http://scandinavianpolicetour.dk>.

Arinbjörn Snorrason



Íþróttasamband Lögreglumanna

Scandinavian Police Tour, upplifun keppanda

Klukkan var að verða 10:00 að morgni mánudaginn 6. júní þegar ferjan, frá Kaupmannahöfn, lagði að bryggju í Ósló. Það var sól og blíða en samt ekkert heitt, aðeins um 13 gráður. Ég get nú ekki sagt að ég hafi sofið vel um nóttina í káetu ásamt þremur öðrum. Keppendur söfnuðust saman fyrir utan gámabílan á höfninni til að taka á móti reiðhjólunum og öðrum búnaði. Það var ótrúlegt að sjá hvað margir höfðu gengið vel frá hjólunum fyrir flutninginn. Þeim var pakkað inn í teppi eða voru með einangrunarhólka eins og notaðir eru við pípulagnir. Ég var nokkuð rólegur og tiltölulega afslappaður. Ég vissi að ég er nokkuð sterkur eftir æfingar vetrarins. Þegar við vorum búnir að fá hjólin, kanna með loft, bremsur, halla á sætum, skoða rispur eftir flutninginn og stillingar á stýri var lagt af stað í átt að rásmarkinu. Hjólaðir voru nokkrir kílómetrar að Ekebergs Idrætscenter í Ósló þar sem norskir ríkislögreglustjórnir setti mótið um kl. 12:00.

Keppnin var ræst og tilkomumikil fylkingin lagði af stað, alls um 280 hjólreiðamenn. Það var hjólað á u.þ.b. 30 km hraða og á undan reiðhjólamönnum var bíll sem hélt þeim hraða og samkvæmt reglu sem sett var, þá var bannað að fara fram úr bílnum. Fyrstu 6 km voru niður í móti og var það bara góð hvíld því maður vissi að það voru 140 km sem átti að hjóla þann daginn. Þegar við vorum búnir að hjóla 61 km tók maður eftir því að óróleiki kom í hjólreiðamennina. Upp úr þaklúgu bílsins sem leiddi keppnina kom maður með flögg. Hann veifaði flöggunum og bílnum var ekið hratt frá fyrstu hjólreiða-

mönnum og næstu 4 km voru brekkusprettir. Eftir sprettinn kom smá pása og var boðið var upp á vatn, orkudrykki, brauð, banana og sælgæti. Eftir góða næringu var haldið áfram. Næstu kílómetrar voru fljótir að líða og ekki leið á löngu þar til annar sprettur var tekinn og endaði hann við hótelið sem gist var á þá nóttina. Það var ánægjulegt að komast á hótél, teygja á löppunum, fara í nudd, fá vel að borða og komast upp á herbergi til að slaka á fyrir átök morgundagsins.

Dagur 2 var með svipuðu sniði og sá fyrri nema hvað að þá voru hjólaðir um 200 km og inni í þeim var brekkusprettur og sprettur og dagurinn endaði á 54 km liðakeppni. Í liðakeppninni var hvert lið ræst með 30 sekúndna millibili og áttum við gott start. Drögum við uppi tvö lið sem lögðu af stað á undan okkur, en þegar u.þ.b. 12 km af þeirri leið voru að baki tók ég eftir því að eitthvað var að gerast hjá Benna þar sem hjólið hans fór að hristast og að endingu missti hann hjólið út fyrir malbikið og ég horfði á eftir honum í loftköstum langt út fyrir veginn, þar sem hann kom niður á höfuðið og öxlina. Þar sem mér brá mikið stöðvaði ég hjólið og hljóp til hans. Þegar ég náði sambandi við Benna leið mér strax betur. Þeir Árni og Guðmundur stöðvuðu einnig hjólin. Þar sem aðstoðarbíll var kominn á staðinn var lítið annað að gera en að halda aftur af stað. Þessi töf varð til þess að við vorum búnir að missa nokkur lið fram úr okkur.

Dagur 3 var einnig með svipuðu sniði og þeir fyrri nema að þetta var lengsti dagur ferðarinnar, um 230 km. Hjólað var í hóp meiri hluta leiðarinnar (meðalhraði 30 km), brekkusprettur,

sprettur og svo endaði dagurinn á að siglt var yfir til Danmerkur með ferju á milli Helsingborgar og Helsingör.

Dagur 4 og sá síðasti byrjaði á 20 km einstaklingskeppni þar sem keppendur voru ræstir af stað með 30 sekúndna millibili og var þá tekið vel á. Síðan var hjólað í hóp eftir Strandvejen sem er alveg æðislega falleg leið. Maður var farinn að finna fyrir mjólkursýru og hver smá brekka var farin að taka í. Þegar við vorum komnir yfir 100 km og búnir með brekkusprettinn var farið að stytast í síðasta hluta leiðarinnar sem var 13 km hringur og var ætlast til að hann yrði hjólaður tvisvar sinnum eða um 26 km í keppni. Ég var ákveðinn í að láta þessa síðustu keppni eiga sig og hjóla á mínum rólega hraða en þegar flöggin komu upp úr þaklúgu bílsins var eins og eitthvað hefði gerst og að sjálfsgöðu var hjólað af krafti og síðasta orkan nýtt í þessa loka-keppni. Þegar keppninni var lokið og við fórum að velta fyrir okkur hvar við værum staddir var okkur tilkynnt að það væru u.þ.b. 15 km í hótelið og við þyrftum að hjóla þangað. Það voru langir 15 km.

*Með kveðju
Guðmundur Andrés Jónsson*

Íþróttasamband Lögreglumanna

Úrtökumót vegna vals á landsliði ÍSL í golfi

Eins og kunnugt er fer fram Norðurlandamót lögreglumanna í golfi í Sarpsborg í Noregi dagana 7. - 11. september í haust. Eins og alltaf stóð ÍSL fyrir þremur úrtökumótum til að velja landsliðshópin sem fer utan að keppa á mótinu. Að veltu var það ljóst að liðið yrði skipað sex leikmönnum og færi valið fram þannig að haldin yrðu þrjú úrtökumót og myndu tvö bestu mótin hjá hverjum og einum telja. Fimm leikmenn myndu spila sig inn í liðið og síðan yrði sjötti maðurinn valinn af golfnefnd ÍSL sem er skipuð undirrituðum og Péttri Jóhannessyni.

Fyrsta úrtökumótið fór fram 28. júní á Hólmsvelli í Leiru í ágætisveðri, eins og er alltaf í Leirunni! Alls mættu 17 keppendur til leiks í Leirunni og er það mjög gott miðað við að um úrtökumót var að ræða. Úrslit úr Leirunni voru þessi:

Án forgjafar

1. sæti	
Húnbogi Jóhannsson	69
2. sæti	
Sigurður Pétursson	76
3. sæti	
Sigurbjörn Þorgeirsson	77

Með forgjöf

1. sæti	
Gunnar Schram	70
2. sæti	
Friðrik K. Jónsson	71
3. sæti	
Gunnar Björnsson	72

Næsta úrtökumót fór svo fram á Garðavelli hjá Golfklúbbnum Leyni á Akranesi 4. júlí. Á Skagann mættu 14 kylfingar til leiks og eitthvað virtist Garðavöllurinn hafa verið mönnum erfiður ef

miðað er við skor hjá velflestum þó svo að völlurinn hafi skartað sínu fegursta og flatir og annað í toppstandi eins og alltaf á Skaganum. Úrslit frá Leyni voru þessi:

Án forgjafar

1. sæti	
Sigurður Pétursson	74
2. sæti	
Sigurbjörn Þorgeirsson	75
3. sæti	
Annel J. Þorkelsson	78

Með forgjöf

1. sæti	
Sveinn Ægir Árnason	69
2. sæti	
Gunnar Björnsson	71
3. sæti	
Vignir Elísson	73

Þriðja og síðasta mótið fór svo fram 19. júlí í Grafarholtinu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur í vægast sagt brakandi blíðu, sól og fast að 20 stiga hita. Átján keppendur mættu á völlinn og óhætt er að segja að Grafarholtið hafi sýnt allar sínar bestu hliðar, veðrið frá-bært og völlurinn eftir því bæði fallegur og góður. Það er einfaldlega fátt betra en Grafarholtið á jafnfallegum degi og mótstjórar buðu upp á í þetta sinn! Verst er að við Suðurnesjamenn kunnum ekkert að spila golf í logni og blíðu eins og var í Grafarholtinu þennan daginn! Úrslit úr mótinu urðu þessi:

Án forgjafar

1. sæti	
Sigurbjörn Þorgeirsson	73
2. sæti	
Húnbogi Jóhannsson	76
3. sæti	
Hilmar Björgvinsson	78

Með forgjöf

1. sæti	
Ásbjörn Stefánsson	66
2. sæti	
Hinrik Konráðsson	68
3. sæti	
Óskar Þór Sigurðsson	69

Eftir þessi mót er því ljóst að þeir fimm sem spiluðu sig sjálfkrafa inn í liðið eru eftirfarandi:

Húnbogi Jóhannsson	145
högg	
Sigurbjörn Þorgeirsson	148
högg	
Sigurður Pétursson	150
högg	
Óskar Halldórsson	157
högg	
Hilmar Björgvinsson	158
högg	

Þá ákvað landsliðsnefnd að velja sem sjötta mann í liðið Annel J. Þorkelsson en hann er margreyndur landsliðsmaður og var hann jafnframt í sjötta sæti inn til landsliðsins. Þannig verður landsliðshópurinn því skipaður.

Ég vil að endingu þakka öllum þeim kylfingum sem mættu í þessi þrjú úrtökumót fyrir skemmtilega keppni og forsvarsmönnum allra þeirra golfklúbba sem við höldum úrtökumótin á, en þjónusta þeirra og liðlegheit voru til fyrirmyndar og ber að þakka það. Að lokum vonast ég svo til að sem flestir sjái sér fært að mæta í landsmótið okkar sem að þessu sinni fer fram í Vestmannaeyjum 20. ágúst nk.

Friðrik K. Jónsson

Íþróttasamband lögreglumanna

Stuttfréttir

Þing NPIF

Var haldið í Turku í Finnlandi í maí. Þingið sóttu f.h. ÍSL Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson. Jan Eric Björkgård, Finnlandi, lét af formennsku í sambandinu og við tók Ivar Thorsen, Noregi. Helst bar til tíðinda að mikið var rætt um nýjar íþróttgreinar og hvort einhverjar greinar skyldu falla út. Ekkert var ákveðið í því sambandi en niðurstaðan var sú að fyrir næsta stjórnarfund hjá NPIF skyldu aðildarsamböndin koma með sínar hugmyndir um nýjar íþróttgrein-

ar. Óskar situr í stjórn NPIF tímabilið 2005 - 2007 og Guðmundur í tækninefnd sambandsins.

Dregið í riðla í körfuknattleik

Þann 3. júlí sl. var dregið í riðla á Evrópumeistaramóti USPE í körfuknattleik sem fram fer á Kýpur í nóvember. Lið ÍSL vann sér þátttökurétt með sigri í sínum riðli sem fram fór í mars sl. í Wales þar sem keppt var við Breta og Hollendinga. Drátturinn fór fram í München í Þýskalandi samhliða drætti á vegum FIBA Europe í riðla í Evrópukeppnum félagsliða.

Þar voru tvö íslensk lið í pottinum, Keflavík í karlaflokki og Haukar í kvennaflokki. FIBA Europe bauð USPE að vera með og sýndi þar með stuðning sinn við körfuknattleik lögreglumanna. Lið ÍSL lenti í riðli með Kýpur, Litháen og Frakklandi. En í hinum riðlinum eru Búlgaría (núverandi Evrópumeistarar), Grikkland, Úkraína og Holland. Þjálfari liðs ÍSL verður Ellert S. Magnússon sem þjálfaði liðið í mars.

Úrtökumót vegna vals





Íþróttasamband Lögreglumanna

Mótalisti 2005 - 2006

Mót	Umsjón/mótsstaður	dags.
<i>Landsmót:</i> Skotfimi Öldungamót innanhússkn.	Keflavíkurflugvöllur Reykjavík	21.-23. okt.
<i>Norðurlandamót:</i> Handknattleikur	Svíþjóð	maí
<i>Evrópumót:</i> Körfuknattleikur (úrslit)	Kýpur	21. - 27. nóvember
<i>Önnur mót:</i> Lögregluskólamót Norrænu sakamálabókarinnar Innanhússknattspyrnumót Norrænu sakamálabókarinnar	Reykjavík Finland	maí maí

á landsliði ÍSL í golfi



Páll E. Winkel

Ímynd lögreglu

- umtal almennings



Síðustu misseri hefur mikil umfjöllun verið um störf lögreglu. Svo virðist sem allir hafi skoðanir á störfum hennar og er það vel. Mikið aðhald felst í þeim áhuga almennings og ætti í venjulegu árferði að reynast lögreglu vel. Hins vegar hefur meira borið á því undanfarið að störf lögreglu hafi verið metin með ómaklegum og illa rökstuddum hætti. Ýmsir einstaklingar úr fjölmörgum stéttum, lögmenn, rit höfundar, blaðamenn og aðrir hafa farið mikinn í að draga ályktanir og viðra skoðanir sínar á verulega flóknum lögregluáðgerðum og lögreglurannsóknnum. Í flestum tilvikum er um einsleita umfjöllun að ræða þar sem þessir aðilar virðast byggja skoðanir sínar á einstaklega takmörkuðum og ómarkvissum upplýsingum sem bera keim af pólitískum skoðunum viðkomandi. Lögregla vinnur iðulega með viðkvæmar persónuupplýsingar einstaklinga og getur því sjaldnast gert grein fyrir sinni hlið mála eða svarað gagnrýni í einstökum tilvikum enda gilda um slíkt strangar lagareglur. Ljóst er að þegar liprir pennar fjalla um

verkefni lögreglu af fágætri vanþekkingu og fáfræði getur niðurstaðan verið alvarleg fyrir ímynd lögreglu þrátt fyrir að aðgerðir lögreglu hafi á hverjum tíma verið í einu og öllu í samræmi við lög, vegna þess að viðkomandi rannsóknara eða yfirmanni í lögreglu er óheimilt að tjá sig um málið.

Þeir aðilar er hafa áhyggjur af spillingu og annarri óáran í lögreglu skulu ekki gleyma að lögregla býr við mikið aðhald margra aðila sem vissulega tryggja fagleg og óháð vinnubrögð lögreglu. Er þar átt við yfirmenn í lögreglu, ríkissaksóknara er gegnir lögum samkvæmt mikilvægu eftirlits-hlutverki með störfum lögreglu, dómstólum landsins sem sjá til þess að lögregla fari í einu og öllu eftir réttarfars-, refsí- og öðrum lagaákvæðum, ýmsar eftirlitsstofnanir innan- sem utanlands auk vökuls auga fjölmiðla. Um leið og því er haldið fram á opinberum vettvangi að annarleg sjónarmið, t.d. pólitísk inngrip ráðamanna, ráði för við rannsóknir sakamála eru þeir sem það gera að draga upp mynd af spillingu í lögreglunni og í raun réttarvörsluferfinu öllu og hljóta að þurfa að rökstyðja slíkar fullyrðingar. Lögreglumenn kannast í það minnsta ekki við slík ólögleg afskipti af rannsóknnum sakamála og frábiðja sér slíka umræðu.

Undirritaður starfaði sem lögfræðingur í mörg ár innan opinberrar stjórnsýslu á sviði fangelsismála auk starfa í löggæslu en er nú starfandi hjá Landssambandi lögreglumanna. Á þeim tíma hafa margoft komið upp mál sem talist hafa frétt næm hjá fjölmiðlum landsins og viðbrögð almennings verið sterk. Eðli máls samkvæmt

hefur undirritaður oft þekkt málin vel, aðdraganda, orsakir og afleiðingar. Í sannleika sagt hefur það oftast en ekki verið hreinlega vandræðalegt að lesa frétt aflutning og enn fremur viðbrögð pennaglaðra borgara sem tjá sig fjálglega um hin og þessi viðfangsefni ríkisvaldsins án þess að hafa til þess nokkrar forsendur.

Þrátt fyrir að aðhald almennings sé afar þýðingarmikið fyrir handhafa ríkisvaldsins er það jafnþýðingarmikið að slík umræða og umfjöllun sé ávallt byggð á málefnalegum forsendum og að einstaklingar kynni sér málin til hlítar, dragi ekki órökstuddar ályktanir og kasti ekki fram ósönnnum dylgjum um viðkomandi embættismenn ríkisins. Slíkt getur haft í för með sér óbætannlegt tjón fyrir embætti og stéttir manna og dregið úr trúverðuleika þeirra sem á endanum getur komið niður á almenningi í landinu.

*Páll E. Winkel
frankvæmdastjóri
Landssambands lögreglu-
manna*



Ný merki Líknarsjóðs

Ástriður Grímsdóttir

Akstur torfærutækja, löglegur eða ólöglegur?

Ég hef fjögur undanfarin ár haft afskipti af akstri torfærutækja á Ólafsfirði og þá aðallega torfærubifhjóla auk snjósléða.

Í byrjun starfsferils míns hér á Ólafsfirði þurfti lögreglan síundurtekið að hafa afskipti af óskráðum torfærubifhjólum á götum bæjarins og jafnvel réttindalausum öku mönnum á þeim.

Íðulega voru svör ökumanna eitthvað á þá leið að bæjaryfirvöld leyfðu akstur inn og út úr bænum svo og að ekki væri hægt að skrá þessi hjól né tryggja þau.

Við skoðun á lögreglusamþykkt Ólafsfjarðar kom í ljós að heimilt var að aka torfærutækjum stystu leið inn og út úr bænum. Við gerð nýrrar lögreglusamþykktar sem samþykkt var af dómsmálaráðuneytinu 11. júlí 2002 var þessi heimild samþykkt, en í 21. gr. samþykktarinnar segir að öll umferð torfærutækja s.s. vélsleða, snjóbíla o.þ.h. sé bönnuð innan þéttbýlis í stjórnsýsluumdæmi Ólafsfjarðarbæjar og á öðrum þeim svæðum í umdæminu þar sem slíkt kann að verða auglýst sérstaklega. Þó sé eigendum slíkra ökutækja í undantekningartilfellum og þegar aðstæður leyfa heimilt að aka frá heimilum sínum út úr bænum stystu leið og til baka aftur að lokinni ferð. Sama eigi við um eldsneytistöku.

Lagði ég til við bæjaryfirvöld að endurskoða 21. gr. samþykktarinnar en því var hafnað. Voru bæjarbúar því í þeirri trú að akstur innanbæjar, hvort sem var á snjósléðum eða torfærubifhjólum, væri löglegur. Lögreglusamþykktin brýtur gegn umferðarlögum og var því óhjákvæmilegt að þeir sem óku á torfærutækjum á götum bæjarins yrðu sektaðir samkvæmt umferðarlögum þar sem slík tæki hafa ekki

heimild til að aka á þjóðvegum eða á almennum götum.

Útgáfa leyfa til aksturskeppni

Frá því í apríl 2002 hafa verið gefin út á Ólafsfirði sex leyfi fyrir keppni með snjósléðum og þar af fjórum sinnum þar sem leyfi hefur verið veitt fyrir aldurshópinum 14 - 17 ára. Frá því í júní 2002 hafa verið gefin út þrjú leyfi fyrir mót-orcrosskeppni, þar af tvisvar sinnum þar sem leyfi var veitt fyrir aldurshópa frá 12 ára aldri.

Æfingaleyfi fyrir sérstakri æfingabraut skv. 15. gr. reglugerðar nr. 258/2000 um akstursípróttir hefur verið gefið út þrisvar sinnum á Ólafsfirði, fyrst tímabundið frá 18. mars 2003 til 1. maí 2003, frá 23. júní 2003 til 1. nóvember s.á. en það leyfi var afturkallað 19. júlí 2003 vegna endurtekinnna brota á skilyrðum leyfisins. Þann 29. júní 2005 var síðast gefið út leyfi fyrir æfingabraut fyrir torfærubifhjól til 1. nóvember 2005. Skilyrði fyrir brautinni er að ökutæki séu skráð og tryggð og ökumenn með tilskilin ökuréttindi. Ábyrgðarmenn skulu vera á svæðinu á opnunartíma.

Við skoðun á lögum og reglugerðum er snerta torfæruakstur er ýmislegt áhugavert að sjá.

Sendi ég bréf til samgönguráðuneytisins 11. júlí sl. sem er uppi staðan í grein þessari.

Hvar má aka torfærutækjum?

Lög nr. 50/1987, umferðarlög

Samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987, 1. mgr. 43. gr., segir að aka megi torfærutæki á einkavegi. Auk þess má aka yfir veg sem ekki er einkavegur.

Reglugerð nr. 257/2000 um akstursípróttir og aksturskeppni

Samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar má aka á tilgreindum vegum og skv. 13. gr. á fáförnum vegum.

Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd
Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. náttúruverndarlaga er bannað að aka vélknúnum ökutækjum utan vega á snævi þöktu landi.

Reglugerð nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands

Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar er óheimilt að aka torfærutækjum utan vega, eingöngu á svæðum sem hafa verið samþykkt fyrir akstursípróttir.

Á því sem ofar er sagt má sjá að ekki er samræmi á milli umferðarlaga og laga um náttúruvernd svo og reglugerða byggðum á viðkomandi lögum.

Sú spurning vaknar því hvort hægt sé í skjóli laga nr. 44/1999 að kæra mann sem ekur torfærutæki á einkavegi vegna heimildarinnar sem lögfest er í umferðarlögum sbr. 1. mgr. 43. gr. laganna. Sú spurning vaknar líka hvort lögreglustjóri geti með stoð í reglugerð nr. 257/2000 veit heimild til aksturs á fáförnum vegi sbr. bréf ríkislögreglustjóra dags. 17/08/1999 sbr. og bréf hans dags. 27/01/2001 en í fyrra bréfinu er ákvörðunartakan hjá lögreglustjóra og staðfest aftur með síðara bréfinu.

Hver má aka torfærutæki?

Ökuréttindi öðlast einstaklingur í fyrsta sinn 17 ára gamall sbr. 48. gr. umferðarlaganna. Möguleiki er að fá réttindi á skellinöðrum 15 ára eða á hjól undir 50 cc. Til þess að öðlast þau réttindi þarf neminn að fara í ökuskóla og fá leiðsögn ökukennara auk þess að taka próf.

Reglugerð nr. 257/2000

Samkvæmt 16. gr. reglugerðarinnar er lögreglustjóra heimilt að víkja frá ákvæðum umferðarlaga um ökuskrírteini og lágmarksaldur ökumanna við æfingar og keppni á lokuðum svæðum utan vega.

Með heimild í reglugerðinni getur lögreglustjóri veitt barni allt niður í 12 ára heimild til að hjóla í samþykktri akstursbraut hvort sem um er að ræða æfingar eða keppni.

Samkvæmt c-lið 4. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 257/2000 mega 12 - 14 ára börn aka allt að 85 rúmsentimetra hjóli, 14 - 15 ára allt að 125 rúmsentimetra hjóli og frá 15 ára 125 cc og upp úr.

Ef reglur um ökuréttindi eru skoðaðar samanber reglugerð nr. 501/1997 veita A-réttindi (efri lína) rétt til að aka m.a. tvíhjóra bifhjóli án og með hliðarvagni undir 50 cc, léttu bifhjóli og torfærutæki.

A-réttindi (neðri lína) veita m.a. rétt til að aka tvíhjóra bifhjóli án/með hliðarvagni yfir 50 cc svo og sömu réttindi og A (efri lína) veitir.

B-réttindi veita rétt til að stjórna fólksbifreið, léttu bifhjóli og torfærutæki s.s. vélsleða.

Sé einstaklingur með B-réttindi (almenn ökuréttindi) þarf hann að taka sérstakt próf til að fá A-réttindi sem veitir honum rétt til að aka bifhjólum 50 cc og stærri.

Hér vaknar sú spurning hvornig það megi vera að sérstök réttindi þurfi til að aka bifhjóli undir 50 cc, sérstakt ökuþróf til að aka bifhjóli yfir 50 cc en eingöngu B-réttindi til að aka torfærutæki sem getur í eðli sínu verið tvíhjóra mótörhjól ætlað sérstaklega til torfæruaksturs og getur þess vegna verið allt upp í 400 cc eða stærra og síðan má lögreglustjóri veita réttindalausum 12 ára unglingi leyfi til að aka allt að 85 cc hjóli, 14 ára allt að 125 cc hjóli og 15 ára yfir 125 cc. Er ekki einhver brotalöm þarna eða er ekki ástæða til að skýra reglurnar betur og taka á þeim ef undantekningar eiga að vera til staðar?

Tryggingar

Vegna umsóknar vélhjólaklúbbs Ólafsfjarðar um að leyfa 12 - 17 ára unglingum að keppa í mótrocrosskeppni ræddi undirrituð við aðila

hjá Sjóvá-Almennum tryggingum og VÍS þar sem krafa er gerð um að ökumenn séu sérstaklega tryggðir í keppni en skv. 5. gr. reglugerðar nr. 257/2000 um akstursíþróttir og aksturskeppni skulu ökutæki sem taka þátt í aksturskeppni tryggð sérstaklega.

Í ljós kom að þessi tvö tryggingafélög tryggja ekki ökumenn sem ekki eru með tilskilin réttindi. Ábyrgðartrygging brautarinnar tryggir ekki ökumenn og verði ökumaður undir 16 ára fyrir slysi í keppni fær hann heldur engar bætur frá almannatryggingum. Unglingar undir 17 ára aldri eru því ótryggðir við æfingar og keppni þó svo þeir séu á samþykktum æfingasvæðum.

Ég tel brýna nauðsyn á að samræma lög og reglur í þessum málaflökki, sem kallast akstursíþróttir. Hér er um ört vaxandi íþrótt að ræða og kristaltært að foreldrar kaupa hjól handa ungum börnum sínum og leyfa þeim að hjóla bæði á götum svo og upp til heiða og fjalla. Auk þess eru fullorðnir einnig á óskráðum hjólum og því ótryggðir lendi þeir í tjóni.

Því er nauðsynlegt að ná utan um þennan málaflökk, samræma reglur og höfða til þessara aðila með því að vinna með þeim í þeim tilgangi að koma íþróttinni í farsælan farveg. Viðræður við tryggingafélögin verða að eiga sér stað því einn og einn einstaklingur fær engu áorkað þar.

Bent er á ábendingar rannsóknarnefndar umferðarslysa í skýrslu um banaslys í umferðinni árið 2004 vegna torfærubifhjóla, bls. 23.

Ég hef orðið vör við þá afstöðu foreldra að fyrst ekki er hægt að tryggja börnin sé heldur engin ástæða til að skrá hjólin sem þau hjóla á. Öll torfæruhjól sem flutt eru til landsins eru skráningarskyld og eiga að hafa ábyrgðartrygginu svo hér er um verulegan galla að ræða í kerfinu.

Í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 257/2000 er heimild til að skrá óskráð hjól til keppni (óskráð hjól eiga ekki að vera til í landinu). Þessi grein hefur verið túlkuð rúmt eftir því sem ég kemst næst og því hafa þeir sem eiga óskráð hjól getað skráð þau til keppni.

Sé markmið yfirvalda að fá

hjólamenn til að koma ofan af fjöllum og hjóla í samþykktum brautum þurfa einnig að fara fram viðræður við lögreglustjóra því samkvæmt könnun er ég gerði fyrir nokkrum dögum virðast vera þrjár brautir á landinu sem hafa fengið formlegt samþykki lögreglustjóra, þ.e. í Keflavík, Reykjavík og Ólafsfirði. Þó hef ég ekki getað fengið afrit af útgefnu leyfi nema frá Keflavík. Sú skoðun er þó meðal hjólamanna að aðrar brautir, s.s. á Selfossi, Vestmannaeyjum, Ólafsvík, Akureyri, Vík og víðar, séu með leyfi enda er verið að keyra í þeim brautum án athugasemda eins og sjá má á heimasíðu þeirra, motocross.is.

Verið er að taka vélhjólaklúbba inn í ÍSÍ og því er tækifæri til að nýta það lag sem virðist vera núna. Vélhjólaklúbbar Ólafsfjarðar hefur einnig tekið þá afstöðu að veita eingöngu skráðum hjólum þátttökurétt í keppni á þeirra vegum og er því nauðsynlegt að fá önnur félög til að fylgja fordæmi þeirra. Hins vegar er ekki hægt að krefjast þess að réttindalausir keppendur séu tryggðir því þær tryggingar eru ófáanlegar eins og staðan er í dag. Þessi aldursþópur getur því hvergi stundað æfingar nema á fjöllum og heiðum þar sem ekki sést til þeirra. Ekki eru það góð skilaboð til þessara íþróttamanna.

Fyrir liggur beiðni hjá sýslumanninum á Ólafsfirði um heimild til að veita yngri aldurshópum leyfi til að æfa á æfingabrautinni sbr. heimild í reglugerð um akstursíþróttir nr. 257/2000.

Ég tel útilokað, á meðan yngri ökumenn (12 - 17 ára) geta ekki tryggt sig á samþykktum æfingabrautum, að veita þeim leyfi til að keyra í brautum þrátt fyrir að þær séu sérstaklega samþykktar af lögreglustjóra því þar hafa þeir enga frekari vernd en úti á víðavangi. Því getur lögreglustjóri ekki samþykkt slíkan akstur.

Ég legg því ríka áherslu á að farið verði markvisst í að vinna í þessum málaflökki og koma böndum yfir utanvegaakstur skráðra og óskráðra torfæruhjóla og ótryggða og réttindalausum ökumenn.

Höfundur er sýslumaður á Ólafsfirði

Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

SAUÐÁRKRÓKUR

Bifreiðaverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga,
Freyjugötu 9
Hesturinn, Sæmundargötu 3
Héraðsdómur Norðurlands vestra,
Skagfirðingabraut 21
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak hf, Borgartúni 1
S.E. verktakar, Raftahlíð 76
Verzlun Haraldar Júlíussonar, Aðalgötu 22

SIGLUFJÖRÐUR

Allinn ehf- sportbar, Þormóðsgötu 11-15
Byggingafélagið Berg ehf., Norðurgötu 16
Verzlunarfélag Siglufjarðar, Lækjargötu 2

AKUREYRI

Aðstoð sf., Hlíðargötu 1
Aksjón ehf., Strandgötu 31
Arnarfell ehf. verktakar, Sjafnarnesi 2-4
Ásbyrgi - Flóra ehf., Frostagötu 2a
B.M. bílamálan hf., Frostagötu 3b
Bakaríð við Brúna, Gleráreyrum 2
Bifreiðastöð Oddeyrar, Strandgata
Bláa kannan, Hafnarstræti 96
Bæjarverk hf., Óseyri 20
Eining lðja, Skipagötu 14
Fasteignasalan HOLT ehf., Strandgötu 13
Héraðsdómur Norðurlands eystra,
Hafnarstræti 107
Húsbílar ehf., Njarðarnesi 2
Kjarnaborun & steypusögun Norðurlands,
Skógarhlíð 27
Ljósgefjinn ehf., Glerárgötu 34
Lostæti ehf., Naustatanga 1 box 234
Lögmannsstofa Hreins Pálssonar,
Gránufélagsgötu 4
Lögmannsstofan ehf., Strandgötu 29
Lögmannsstofan Lögmannshlíð,
Ráðhústorgi 3
Raf, Kaupangi/Mýrarvegi
Rafmenn ehf., Fjölningstötu 2b
Rafós sf., Skipagötu 14
Raftákn ehf., Glerárgötu 34
Sparisjóður Norðlendinga, Skipagötu 9
Straumrás hf., Furuvöllum 3
Tréborg ehf., Furuvöllum 1
Trésmiðjan Fjölirn hf., Fjölningstötu 2b
Trukkurinn ehf, Hjalteyrargötu 8
Útfararþjónusta kirkjugarða Akureyrar ehf.,
Höfða v/ Þórunnarstræti
Véla- og Stálsmiðjan ehf., Gránufélagsgötu 27
Vélsmiðjan Ásverk ehf., Gránufélagsgötu 47

GRENIVÍK

Sparisjóður Höfðhverfinga, Ægissíðu 7

GRÍMSEY

Sandvík hf., Hella

DALVÍK

Steypustöðin Dalvík ehf., Sunnubraut 11

ÓLAFSJÖRÐUR

Sparisjóður Ólafsfjarðar, Aðalgötu 14
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði, Ólafsvægi 3

HÚSAVÍK

Alli Geira hf., Garðarsbraut 50
Auðrún ehf., Stekkjarholti 13
G.P.G. fiskverkun ehf., Suðurgerði
Heimabakarí, Garðarsbraut 15
Jarðverk ehf, Birkimel
Steinsteypir hf., Hafnalæk II
Sýslumaðurinn á Húsavík, Útgarði 1
Vikurraf ehf., Héðinsbraut 4

LAUGAR

B.J.G. ehf, vinnuvélar, Hólabraut

RAUFARHÖFN

Véla- og trésmiðja SRS ehf., Aðalbraut 16-22

ÞÓRSHÖFN

B.J. Vinnuvélar ehf., Hálsvegi 2

VOPNAFJÖRÐUR

Verktakafyrirtækið Ljósaland hf., Háholt 3

EGILSSTAÐIR

Ársverk ehf, Mánatröð 4
Betri flutningar, Miðási 21
Bilaverkstæði Borgþórs ehf., Miðási 2
Fellabakarí, Lagarfelli 4, Fellabæ
G. Ármannsson ehf., Ártröð 12
Grænafehl ehf, kranaþjónusta, Miðási 11
Hagverk ehf, Bjarkargrund 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella, Einhleyping 1
Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupvangi 6
Lagarfljóstormurinn , Furuvellir 4
Malarvinnslan hf., Miðási 11
Snarvirki hf., Miðási 11
Trésmiðja Guðna Þórarinssonar, Mássel
Verzlunarmannafélag Austurlands,
Miðvangi 2-4
Ökuskóli austurlands, Háafelli 4a

SEYÐISFJÖRÐUR

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi,
Garðarsvegi 6
Lögmannsstofa Jónasar ehf., Hafnargötu 28
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, Bjólfsgötu 7
Pvottatækni ehf., Strandavegi 21,

REYÐARFJÖRÐUR

Kjötkaup hf, Óseyri 1
Trévangur hf., Búðareyri 15

ESKIFJÖRÐUR

Bilaverkstæði Ásbjörns, Útkaupstaðarbraut 2

NESKAUPSTAÐUR

Aldan NK-28 ehf., Starmýri 5
G.T. ehf - Verzlunin Vík, Egilsbraut 6

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Vöggur ehf., Grímseyri 11

DJÚPIVOGUR

Djúp ehf, Borgarlandi 9
Salar Islandica ehf, Bakka 1

HÖFN

Bílverk, Vikurbraut 4
Mikael ehf., Norðurbraut 7
Skeggey ehf., Miðósi 17
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornarfirði,
Hafnarbraut 36

SELFÖSS

Árvirkinn ehf., Eyravegi 32
Bílaþjónusta Péturs ehf., Vallholti 17
Borgarhús hf., Minni-Borg, Grímsnesi
Byggingafélagið Drifandi ehf, Gagneiði 55
Byggingarfélagið Árborg ehf., Bankavegi 5
Fasteignasalan Bakki ehf., Sigtúni 2
Jötunn vélar ehf., Austurvegi 69
Litla kaffistofan ehf, v/Olis,
Lögmenn Suðurlandi ehf., Austurvegi 3
Málflutningsskrifstofan ehf, Austurvegi 6
Meindýravarnir Suðurlands ehf.,
Gagneiði 59
Nesey ehf., Suðurbraut 7
Nesós ehf., Fossvegi 4
Rafmagnsverkstæði Jens Péturs, Laugarás 1
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða,
Gagneiði 35
S.G. hús hf., Austurvegi 69
Set ehf., Eyravegi 41

Tetra ehf., Engjavegi 87
Vélsmiðja Suðurlands ehf, Gagneiði 5
Vöruflutningar Magnúsar G. Öfjörð,
Heimahaga 3

HVERAGERÐI

Eden,
Heilsustofnun N.L.F.Í., Grænumörk 10
J.S.K. bifreiðaverkstæði ehf., Austurmörk 16c

PORLÁKSHÖFN

Frostfiskur ehf., Hafnarskeiði 6
Humarvinnslan hf., Unubakka 42-44
Rafgull ehf., Selvogsbraut 4
Steinsteypusögun Snæfelds ehf.,
Egilsbraut 10

EYRARBAKKI

Fiskiver ehf., Búðarstíg 24

LAUGARVATN

Ásvélar ehf., Hrísholti 11

FLÚÐIR

Áhaldaári Steði, Smiðjustíg 2
Flúðaleið ehf., Vesturbúrún 15
Flúðasveppir - íslenskir sveppir,
Undirheimum

HELLA

Varahlutaverzlun Björns Jóhannssonar,
Suðurlandsvegi 2, box 1

HVOLSVÖLLUR

Rafmagnsverkstæði KR ehf., Hlíðarvegi 2-4
Steinasteinn ehf, Ormsvöllum 1

VÍK

Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal, Ránarbraut 1

VESTMANNAEYJAR

Bifreiðaverkstæði Muggs, Strandvegi 65
Eyjavík ehf., Vestmannabraut 23
Frár ehf, Hásteinsvegi 49
Ós ehf., Illugagötu 44
Pétursey ehf, Flötum 31
Stigandi hf., Básaskersbryggju 3
Tréverk hf., Flötum 18
Vélaverkstæðið Þór hf., Norðursundi 9

Landssamband lögreglumanna

Launatafla nr **609** Númer **06**
 Gildir frá **1. maí 2005**

Hlutfall yfirvinnu af mánaðarlaunum er 1,0385%
 Full desemberuppbót er 45.000
 Full orlofsuppbót er 21.800

Prepareikningur launafll. Bxx:

- 1. Prep Yngri en 30 ára
- 2. Prep frá 30 ára aldri (vm.prep dagvinnu)
- 3. Prep frá 35 ára aldri
- 4. Prep frá 40 ára aldri
- 5. Prep frá 45 ára aldri

Prepareikningur launafll. Axx:

- 1. Prep Yngri en 25 ára
- 2. Prep frá 25 ára aldri
- 3. Prep frá 30 ára aldri (vm.prep dagvinnu)
- 4. Prep frá 35 ára aldri
- 5. Prep frá 40 ára aldri
- 6. Prep frá 45 ára aldri

Prepareikningur launafll. Cxx:

- 1. Prep Yngri en 40 ára (vm.prep dagvinnu)
- 2. Prep frá 40 ára aldri
- 3. Prep frá 45 ára aldri

Tímavinna

Launaflokkur	Mánaðarlaun						Dagvinna	Dagvinna eftirlæga	Vaktaálag 33,33%	Vakatálag 55%	Vakatálag 90%
	prep	1	2	3	4	5	6				
A01	124.537	128.301	132.179	134.162	136.174	138.217	812,90	850,03	270,94	447,10	731,61
A02	128.301	132.179	136.174	138.217	140.290	142.394	837,47	875,72	279,13	460,61	753,72
A03	132.179	136.174	140.290	142.394	144.530	146.698	862,78	902,19	287,56	474,53	776,50
A04	136.174	140.290	144.530	146.698	148.898	151.131	888,86	929,46	296,26	488,87	799,97
A05	140.290	144.530	148.898	151.131	153.398	155.699	915,72	957,55	305,21	503,65	824,15
A06	144.530	148.898	153.398	155.699	158.034	160.405	943,40	986,49	314,44	518,87	849,06
A07	148.898	153.398	158.034	160.405	162.811	165.253	971,91	1.016,31	323,94	534,55	874,72
A08	153.398	158.034	162.811	165.253	167.732	170.248	1.001,29	1.047,03	333,73	550,71	901,16
A09	158.034	162.811	167.732	170.248	172.802	175.394	1.031,55	1.078,67	343,82	567,35	928,40
A10	162.811	167.732	172.802	175.394	178.025	180.695	1.062,73	1.111,27	354,21	584,50	956,46
A11	167.732	172.802	178.025	180.695	183.405	186.156	1.094,85	1.144,86	364,91	602,17	985,37
A12	172.802	178.025	183.405	186.156	188.948	191.782	1.127,94	1.179,46	375,94	620,37	1.015,15
A13	178.025	183.405	188.948	191.782	194.659	197.579	1.162,03	1.215,11	387,30	639,12	1.045,83
A14	183.405	188.948	194.659	197.579	200.543	203.551	1.197,15	1.251,84	399,01	658,43	1.077,44
A15	188.948	194.659	200.543	203.551	206.604	209.703	1.233,34	1.289,67	411,07	678,34	1.110,01
A16	194.659	200.543	206.604	209.703	212.849	216.042	1.270,61	1.328,66	423,49	698,84	1.143,55
B01	160.405	162.811	165.253	167.732	170.248	172.802	1.001,29	1.047,03	333,73	550,71	901,16
B02	165.253	167.732	170.248	172.802	175.394	178.025	1.031,55	1.078,67	343,82	567,35	928,40
B03	170.248	172.802	175.394	178.025	180.695	183.405	1.062,73	1.111,27	354,21	584,50	956,46
B04	175.394	178.025	180.695	183.405	186.156	188.948	1.094,85	1.144,86	364,91	602,17	985,37
B05	180.695	183.405	186.156	188.948	191.782	194.659	1.127,94	1.179,46	375,94	620,37	1.015,15
B06	186.156	188.948	191.782	194.659	197.579	200.543	1.162,03	1.215,11	387,30	639,12	1.045,83
B07	191.782	194.659	197.579	200.543	203.551	206.604	1.197,15	1.251,84	399,01	658,43	1.077,44
B08	197.579	200.543	203.551	206.604	209.703	212.849	1.233,34	1.289,67	411,07	678,34	1.110,01
B09	203.551	206.604	209.703	212.849	216.042	219.283	1.270,61	1.328,66	423,49	698,84	1.143,55
B10	209.703	212.849	216.042	219.283	222.572	225.911	1.309,02	1.368,82	436,30	719,96	1.178,12
B11	216.042	219.283	222.572	225.911	229.300	232.740	1.348,59	1.410,20	449,49	741,72	1.213,73
B12	222.572	225.911	229.300	232.740	236.231	239.774	1.389,35	1.452,82	463,07	764,14	1.250,42
B13	229.300	232.740	236.231	239.774	243.371	247.022	1.431,35	1.496,73	477,07	787,24	1.288,22
B14	236.231	239.774	243.371	247.022	250.727	254.488	1.474,61	1.541,97	491,49	811,04	1.327,15
B15	243.371	247.022	250.727	254.488	258.305	262.180	1.519,19	1.588,58	506,35	835,55	1.367,27
B16	250.727	254.488	258.305	262.180	266.113	270.105	1.565,10	1.636,59	521,65	860,81	1.408,59
B17	258.305	262.180	266.113	270.105	274.157	278.269	1.612,41	1.686,07	537,42	886,83	1.451,17
B18	266.113	270.105	274.157	278.269	282.443	286.680	1.661,15	1.737,02	553,66	913,63	1.495,04
B19	274.157	278.269	282.443	286.680	290.980	295.345	1.711,35	1.789,53	570,39	941,24	1.540,22
C01	180.695	183.405	186.156	188.948	191.782	194.659	1.111,27	1.144,86	370,39	611,20	1.000,14
C02	188.948	191.782	194.659	197.579	200.543	203.551	1.162,03	1.197,15	387,30	639,12	1.045,83
C03	197.579	200.543	203.551	206.604	209.703	212.849	1.215,11	1.251,84	405,00	668,31	1.093,60
C04	206.604	209.703	212.849	216.042	219.283	222.572	1.270,61	1.309,02	423,49	698,84	1.143,55
C05	216.042	219.283	222.572	225.911	229.300	232.740	1.328,66	1.368,82	442,84	730,76	1.195,79
C06	225.911	229.300	232.740	236.231	239.774	243.371	1.389,35	1.431,35	463,07	764,14	1.250,42
C07	236.231	239.774	243.371	247.022	250.727	254.488	1.452,82	1.496,73	484,22	799,05	1.307,54
C08	247.022	250.727	254.488	258.305	262.180	266.113	1.519,19	1.565,10	506,35	835,55	1.367,27
C09	258.305	262.180	266.113	270.105	274.157	278.269	1.588,58	1.636,59	529,47	873,72	1.429,72
C10	270.105	274.157	278.269	282.443	286.680	290.980	1.661,15	1.711,35	553,66	913,63	1.495,04
C11	282.443	286.680	290.980	295.345	299.775	304.272	1.737,02	1.789,53	578,95	955,36	1.563,32
C12	295.345	299.775	304.272	308.836	313.469	318.171	1.816,37	1.871,27	605,40	999,00	1.634,73
C13	308.836	313.469	318.171	322.944	327.788	332.705	1.899,34	1.956,75	633,05	1.044,64	1.709,41
C14	322.944	327.788	332.705	337.741	342.761	347.902	1.986,11	2.046,14	661,97	1.092,36	1.787,50
C15	342.761	347.902	353.121	358.521	363.794	369.251	2.107,98	2.171,69	702,59	1.159,39	1.897,18
C16	363.794	369.251	374.790	380.521	386.443	392.543	2.237,33	2.304,96	745,70	1.230,53	2.013,60
C17	386.118	391.910	397.789	403.849	410.080	416.480	2.374,63	2.446,40	791,46	1.306,05	2.137,17

Umsamdar hækkunar:

- 2,50% 01012006
- Ný tafla 01052006
- 2,25% 01012007
- 2,50% 01012008

Dagpeningar og akstursgjald innanlands

Ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins sem hér segir:

Dagpeningar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands.

1. Gisting og fæði í einn sólarhring	kr.	14.300
2. Gisting í einn sólarhring	„	8.300
3. Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	„	6.000
4. Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	„	3.000

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. október 2005.

Akstursgjald ríkisstarfsmanna:

Almennt gjald

Fyrstu 10.000 km	Kr.	62.00	pr. km.
Frá 10.000 til 20.000 km	-	56.00	-
Umfram 20.000 km	-	49.50	-

Sérstakt gjald

Fyrstu 10.000 km	-	71.30	-
Frá 10.000 til 20.000 km	-	64.40	-
Umfram 20.000 km	-	56.92	-

Torfærugjald

Fyrstu 10.000 km	-	89.90	-
Frá 10.000 til 20.000 km	-	81.20	-
Umfram 20.000 km	-	71.77	-

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. október 2005.

Dagpeningar erlendis:

Almennir dagpeningar

	Gisting	Annað	Samtals
London, New York, Washington DC og Tokio	SDR 145	110	255
Annars staðar	SDR 110	100	210

Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa.

London, New York, Washington DC og Tokio	SDR 93	70	163
Annars staðar	SDR 70	64	134

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. júní 2004.

Starfaflokkar

1. Afleysingamaður	A-1	5. Aðstoðarvarðstjóri/sérsvaitarmenn	Við 5 ára starfsaldur	B-9
		Grunnröðun	Við 10 ára starfsaldur	B-10
2. Héraðslögreglumaður		Við 5 ára starfsaldur	Við 13 ára starfsaldur	B-11
Grunnröðun	A-4	Við 10 ára starfsaldur		
		Við 15 ára starfsaldur		
3. Lögreglunemi		6. Rannsóknarlögreglumaður	8 og 9 Aðalvarðstjóri / lögreglufulltrúi	
Grunnröðun	A-4	Grunnröðun (rlm 2)	Grunnröðun	B-10
		Við 3 ára starfsaldur	Við 5 ára starfsaldur	B-11
4. Lögreglumaður		Við 5 ára starfsaldur	Við 10 ára starfsaldur	B-12
Grunnröðun	A-8	Við 10 ára starfsaldur	Við 13 ára starfsaldur	B-13
Við 5 ára starfsaldur	A-11	Við 13 ára starfsaldur		
Við 10 ára starfsaldur	A-14		10. Aðstoðaryfirlögregluþjónn	
Við 15 ára starfsaldur	A-16		Grunnröðun	C-15
		7. Varðstjóri	11. Yfirlögregluþjónn	
		Grunnröðun	Grunnröðun	C-16



GÍSL B. / EFLUR / SKÖP

Svo í borg sé leggjandi!

Einkabílum hefur fjölgað gríðarlega á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Þessi fjölgun er örari en svo að aukning bílastæða, sérstaklega í miðborginni, dugi til. Aukinni þörf fyrir að leggja bílum á miðborgarsvæðinu verður að svara með tvennum hætti: Annars vegar með **stæðisvali ökumanns** í samræmi við erindi og tíma. Hins vegar með **fjölgun bílastæða** og **breyttri gjaldskrá** sem m.a. skapar fleiri vel staðsett skammtífastæði.

Bílastæðasjóður kynnir **breytingar á bílastæðum í miðborginni**. Markmiðið er að mæta þörfum vegfarenda til að stæðin og tíminn nýtist þeim betur.

- Skammtífastæðum á svæðinu hefur verið **fjölgað um 187**.
- **Gjaldsvæðin eru þrjú** (sjá mynd). Dýrara er að leggja við aðalgötur en ódýrara eftir því sem fær dregur.
- Mælar taka fleiri mynttegundir. Bæði miða- og stöðumælar taka nú **10, 50 og 100 kr. mynt**.



Bílastæðasjóður

NÝJUNG!